

ÁRSSKÝRSLA 2001–2002



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Fjögur meginmarkmið í starfi Samtaka atvinnulífsins

- Að vera heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins.
 - Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi atvinnulífsins og stuðla að samkeppnishæfum og arðsömum atvinnurekstri.
 - Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnurekenda að sameiginlegum hagsmunamálum.
 - Að annast samskipti við stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt að leiðbeina aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál.
-
-

ÁRSSKÝRSLA 2001–2002

AÐALFUNDUR
7. MAÍ 2002



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	3
1. kafli: Stjórnir, nefndir og aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins . . .	4
2. kafli: Efnahags- og atvinnumál	7
3. kafli: Kjara- og samningamál	12
4. kafli: Stofnanir á vinnumarkaði	14
5. kafli: Jafnréttismál	17
6. kafli: Lífeyrissjóðir	18
7. kafli: Umhverfismál	20
8. kafli: Alþingi og dómstólar	21
9. kafli: Alþjóðastarf á vegum Samtaka atvinnulífsins	25
10. kafli: Menntastarf á vegum Samtaka atvinnulífsins	29
11. Kafli: Útgáfa og kynning	33
12. kafli: Rekstur samtakanna, innra starf og skipulag	36
Áritun endurskoðanda	39
Ársreikningur Samtaka atvinnulífsins 2001	40
Ársreikningur Vinnudeilusjóðs SA 2001	42
Skipurit Samtaka atvinnulífsins	44
Starfsfólk SA	44

Ritstjórn og umsjón með ársskýrslu: Gústaf Adolf Skúlason
 Ljósmyndir: Bragi Þór Jósefsson, Charlotta, Haukur Snorrason, Ragnar Th. Sigurðsson og fl.
 Hönnun og umbrot: Árni Pétursson, Odda hf.
 Prentvinnsla Oddi hf.

ÁVARP FORMANNS



Finnur Geirsson

formaður Samtaka atvinnulífsins

Á þessu þriðja starfsári Samtaka atvinnulífsins hefur verðlagsmarkmið kjarasamninga borið einna hæst. Mikil gengislækkun krónunnar á vor- og haustmánuðum 2001 leiddi til vaxandi verðbólgu og stefndi þessu markmiði í hættu. Í desember sömdu Samtök atvinnulífsins og ASÍ um að ef vísitala neysluverðs yrði hærri en 222,5 í mælingunni sem birt verður þann 14. maí, sé einstökum stéttarfélagum heimilt að segja upp launalið kjarasamninga. Ef þetta svonefnda „rauða strik“ heldur munu tilteknar breytingar verða á lífeyrisframlögum vinnuveitenda í júlí og launahækkun um næstu áramót verður 0,4% hærri en ella. Samtök atvinnulífsins telja að þær breytingar séu réttlæt-anlegar til að stuðla að friði á vinnumarkaði.

Þegar þetta er ritað standa vonir til að verðlagsmarkmiðið náist, en aðilar vinnumarkaðar hafa í samstarfi við stjórnvöld lagt allt kapp á að svo verði. Þetta þríhliða samstarf hefur tvímælaust átt þátt í þeim árangri að gengi krónunnar hefur styrkst verulega frá því í byrjun desember og verðbólgan fer hratt minnkandi. Ef samningum verður ekki sagt upp eru allar líkur á að við náum markmiðinu um svipað verðbólguþing og í viðskiptalöndunum þegar á þessu ári. Rætur verðbólgu og gengislækkana, spennan í hagkerfinu og viðskiptahallinn eru á undanhaldi og forsendur jafnvægis hafa skapast á ný.

Á starfsárinu voru gerðir kjarasamningar við leiðsögumenn og við bifreiðastjóra í Sleipni. Hins vegar tókst ekki að ná samkomulagi á milli útvegsmanna og stéttarféлага fiskimanna, að undan-skildu Vélstjórafélagi Íslands. Þann 16. maí 2001 batt Alþingi enda á verkföll sjómanna og verk-bönn útvegsmanna með lögum. Á grundvelli laganna kvað gerðardómur upp ítarlegan úrskurð um kjör fiskimanna. Deilumálum er þó ekki lokið, því sjómannasamtökin hafa höfðað dómsmál vegna ágreinings um túlkun úrskurðar gerðardóms og lagasetningar, sem og um ógildingu þeirra. Nauð-synlegt er að leita leiða til að koma samskiptum sjómanna og útgerðarmanna í árangursríkari far-veg í framtíðinni.

Á árinu hafa Samtök atvinnulífsins beitt sér í ýmsum öðrum málum og kappkostað að auka þjónustu við félagsmenn. Áfram hefur verið lögð áhersla á rafræn samskipti og fréttaflutning og þjónustu við félagsmenn á vefsíðu samtakanna. Í nóvember var t.d. opnaður nýr vinnumarkaðs-vefur samtakanna sem opinn er öllum félagsmönnum þeirra. Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga hefur einnig verið birtur fjöldi samantekta um hagsmunamál atvinnulífsins sem tengjast sveitar-stjórnunum. Þá hafa samtökin m.a. lagt mikla áherslu á endurskoðun íslensku samkeppnislaganna og leggja fram sérstaka skýrslu um þau mál á aðalfundi sínum.

Loks eru Samtök atvinnulífsins og aðildarfélag um þessar mundir að taka við nýju húsi atvinnu-lífsins við Borgartún 35, en þangað munu þau flytja ásamt öllum aðildarfélagum sínum. Samtökin munu flytja í nýja húsnæðið í lok maí. Það er von samtakanna að sameiginlegt húsnæði muni gegna lykilhlutverki í því samræmingar- og hagræðingarferli sem að var stefnt með stofnun þeirra.

Sem fyrr segir standa vonir til þess að samningum verði ekki sagt upp og að við munum ná markmiðinu um svipaða verðbólgu og í viðskiptalöndunum þegar á þessu ári. Forsendur jafnvægis hafa skapast á ný í íslensku efnahagslífi. Við skulum vona að okkur auðnist að treysta þær í sessi og leggja þannig grunn að starfsemi öflugs atvinnulífs og að góðum lífskjörum.

Finnur Geirsson

STJÓRNIR, NEFNDIR OG AÐILDARFÉLÖG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS



1.1 AÐALFUNDUR SA 2001

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn 15. maí 2001. Sagt er frá störfum fundarins í 12. kafla ársskýrslunnar.

1.2 FRAMKVÆMDASTJÓRN SA

Sagt er frá störfum framkvæmdastjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar.

Finnur Geirsson formaður
Nói-Sírius hf.

Tryggvi Jónsson varaformaður
Baugur hf.

Einar Sveinsson
Sjóvá-Almennar hf.

Friðrik J. Arngrímsson
LÍÚ

Kristinn Björnsson
Skeljungur hf.

Sigurður R. Helgason
Björgun hf.

Porgeir Baldursson
Oddi hf.

1.3 STJÓRN SA

Sagt er frá störfum stjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar.

Finnur Geirsson formaður
Nói-Sírius hf.

Tryggvi Jónsson varaformaður
Baugur hf.

Arnar Sigurmundsson
Samfrost

Brynjólfur Bjarnason
Grandi hf.

Einar Sveinsson
Sjóvá-Almennar hf.

Friðrik J. Arngrímsson
LÍÚ

Gunnar Tómasson
Þorbjörn Fiskanes hf.

Halldór J. Kristjánsson
Landsbanki Íslands hf.

Ingimundur Sigurpálsson
Eimskip hf.

Kristinn Björnsson
Skeljungur hf.

Ólafur Ólafsson
Samskip hf.



Ómar Hannesson
Rafsól ehf.

Rannveig Rist
Íslenska álfélagið hf.

Signý Guðmundsdóttir,
Guðmundur Jónasson ehf.

Sigurður Helgason
Flugleiðir hf.

Sigurður R. Helgason
Björgun hf.

Stefán Friðfinnsson
Íslenskir aðalverktakar hf.

Sveinn S. Hannesson
Samtök iðnaðarins

Vilmundur Jósefsson
Gæðafæði ehf.

Porgeir Baldursson
Oddi hf.

1.4 STJÓRN VINNUDEILUSJÓÐS SA

Arnar Sigurmundsson, formaður
Bjarni Ármannsson
Þórarinn V. Þórarinnsson

1.5 STJÓRN RÉTTARVERNDAR- SJÓÐS SA

Friðrik J. Arngrímsson
Jón Steindór Valdimarsson
Ragnar Árnason

1.6 AÐILDARFÉLÖG SA OG STJÓRNIR PEIRRA (uppl. miðast við 12. apríl 2002)

Stjórn LÍÚ:

Kristján Ragnarsson formaður
Brynjólfur Bjarnason
Einar Valur Kristjánsson
Eiríkur Tómasson

Emil Thorarensen
Guðbrandur Sigurðsson
Guðrún Lárusdóttir
Haraldur Sturlaugsson
Hjörtur Gíslason
Magnús Kristinnsson
Ólafur H. Marteinson
Ólafur Rögnvaldsson
Sigurður Bjarnason
Þorsteinn Erlingsson
Þorsteinn Már Baldvinsson

Stjórn SAF:

Steinn Logi Björnsson, formaður
Einar Bollason
Hlynur Jónsson
Hrönn Greipsdóttir
Hörður Gunnarsson
Jóhannes Kristjánsson
Signý Guðmundsdóttir

Stjórn SART:

Ómar Hannesson, formaður
Bjarni H. Matthíasson, varaformaður
Arnbjörn Óskarsson
Birgir Benediktsson
Guðmundur H. Jóhannsson
Gunnar H. Sigurðsson
Jens Pétur Jóhannsson
Jóhann Kristján Einarsson
Markús P. Atlason
Reynir Ásberg Nielsson
Sævar Óskarsson
Tómas R. Zoëga

Stjórn SF:

Arnar Sigurmundsson formaður
Gunnar Tómasson
Aðalsteinn Ingólfsson
Björgólfur Jóhannsson
Einar Jónatansson
Elfar Aðalsteinsson
Ellert Kristinnsson
Friðrik Guðmundsson
Guðbrandur Sigurðsson
Jón E. Friðriksson
Kristján Hjaltason
Kristján G. Jóakimsson
Róbert Agnarsson
Róbert Guðfinnsson
Sigurður Viggósson
Svavar Svavarsson
Þórður Jónsson

Stjórn SFF:

Valur Valsson
Einar Sveinsson
Guðmundur Hauksson

Stjórn SI:

Vilmundur Jósefsson formaður
Baldur Guðnason
Eiður Haraldsson
Halla Bogadóttir
Hreinn Jakobsson
Hörður Arnarsson
Sverrir D. Hauksson
Theodor Blöndal

Stjórn SVP:

Tryggvi Jónsson formaður
Einar Benediktsson varaformaður
Einar Sigfússon
Ingvi I. Ingason
Ingimar Jónsson
Július Jónsson
Sigurður Á. Sigurðsson

1.7 SKRÁ YFIR NEFNDIR OG RÁÐ SEM SA Á AÐILD AÐ

ATVINNULEYSI OG VINNUMIÐLUN

SA tilnefni í ýmis ráð og nefndir er varða atvinnuleysi og vinnumiðlun.
Sjá nánar 4. kafla ársskýrslunnar um stofnanir á vinnumarkaði.

ALÞJÓÐAMÁL

ILO-þing árið 2001 – fulltrúar SA

Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam. Jón H. Magnússon, SA

Samráðsnefnd Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar
Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Endurskoðun á skýrslu um áhrif alþjóðavæðingar á utanríkisviðskipti Íslendinga
Ari Edwald

Ráðgjafarnefnd EFTA

Aðalm. Davíð Stefánsson, Vefur – samskiptalausnir
Varam. Guðstaf A. Skúlason, SA

Ráðgjafarnefnd EES

Davíð Stefánsson, Vefur – samskiptalausnir

Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga nr. 47/1993 um frjálstan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES

Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam. Jón H. Magnússon, SA

Nefnd til að kanna aðstæður erlends vinnuafis og útlandinga með dvalarleyfi
Jón H. Magnússon, SA

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis vegna EES samningsins

Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam. Jón Rúnar Pálsson, SA

EFNAHAGS- OG KJARAMÁL

Kjararannsóknarnefnd

Hannes G. Sigurðsson, SA
Þorsteinn Þorgeirsson, SI
Sigurður Jónsson, SVP

Kaupskrárnefnd varnarsvæða

Aðalm. Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam. Ragnar Árnason, SA

Kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar

Aðalm. Jón H. Magnússon, SA
Varam. Álfheiður M. Sívertsen, SA

Ráðgjafarnefnd Hagstofu Íslands um vititölu neysluverðs

Hannes G. Sigurðsson, SA

Samráðshópur um opinber innkaup

Álfheiður M. Sívertsen, SA
Brynja Halldórsdóttir, BYKO
Ólafur Helgi Árnason, SI

Nefnd um gervivertöku

Ragnar Árnason, SA

Nefnd um sveigjanleg starfslok

Jón H. Magnússon SA

Nefnd SA og ASÍ um samningsforsendur

Ari Edwald, SA
Hannes G. Sigurðsson, SA

Nefnd til að kanna launamun verkavenna og verkakarla

Aðalm. Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam. Sigurður Jóhannesson, SA

FÉLAGSDÓMUR

Félagsdómur

Aðalm. Valgeir Pálsson, Tryggingamiðstöðin
Varam. Pétur Guðmundarson, Logos
lögmannsstofa

JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttisráð

Aðalm. Sigurður Jóhannesson, SA
Varam. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

LÍFEYRISSJÓÐIR

SA tilnefni fulltrúa atvinnurekenda í stjórnir 14 lífeyrissjóða skv. reglugerðum sjóðanna. Framkvæmdastjórn SA tilnefni alls 37 aðalmenn og varamenn þeirra í stjórnirnar. *Sjá 6. kafla ársskýrslunnar um lífeyrismál.*

MENNTAMÁL

SA tilnefni í ýmis ráð og nefndir er varða menntamál. *Sjá nánar í 10. kafla ársskýrslunnar um menntamál.*

Rannsóknarráð Íslands

Aðalm. Hilmar Janússon, Össur hf.
Aðalm. Ingvar Kristinsson, Hugvit hf.
Varam. Hermann Kristjánsson, Vaki hf.
Varam. Svavar Svavarsson, Grandi hf.

Rannís – stýrihópur Nordika Íslands

Eggert Claessen, Tölvumyndir hf.

Ráðgjafarnefnd Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarinnar

Sigfús Thorarensen, ÍSTAK hf.

Stjórn Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands

Hermann Kristjánsson, VAKI-DNG
Davíð Stefánsson, Vefur – samskiptalausnir
Guðrún Hálfðánardóttir, Morgunblaðið – Árvakur

UMHVERFISMÁL

Nefnd um tvö frumvörp til laga, annars vegar um úrvinnslu úrgangs, spillfagnagjalds, skilagjalds og um gjaldtöku þessara þátta, hins vegar um skipulag og framkvæmd þessara þátta.
Ari Edwald, SA.

Nefnd um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum

Ari Edwald, SA

Spilliefnanefnd

Aðalm. Óskar Mariússon, SA
Varam. Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.

FENÚR, fagrð um endurvinnslu og úrgang

Tengiliður: Óskar Mariússon, SA



STENÚR, starfshópur um endurnýtingu úrgangs
Aðalm. Ingi Arason, Gámabjónustunni.

Sérstök sérfræðinefnd
Óskar Mariússon, SA
Ólafur Kjartansson, SI

Samráðshópur stjórnar Sorpu og SA
Óskar Mariússon, SA
Ólafur Kjartansson, SI
Sigurður Jónsson, SVP

Verkefnastjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma – faghópur III um þjóðmál, atvinnulíf og byggðapróun
Óskar Mariússon, SA

Umhverfisfræðsluráð
Óskar Mariússon, SA
Jónína Gissurardóttir, SA

UPPLÝSINGA- OG TÖLVUMÁL

Samráðshópur vegna þróunarverkefnis um íslenska upplýsingasamfélagið
Ari Edwald

Nefnd til að móta stefnu um upplýsingar í ríkisstofnunum og sveitarfélögum
Geir Oddsson, Landmat

ÚTFLUTNINGS- OG SAMKEPPNISMÁL

Útflutningsráð – samráðsnefnd
Finnur Geirsson, Núi-Síríus hf.
Einar Benediktsson, Olís hf.

VINNUVERND, ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI

Vinnueftirlit ríkisins – stjórn
Aðalm. Óskar Mariússon, SA
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA
Aðalm. Ásbjörn Einarsson, Mjöll hf.
Varam. Ingólfur Sverrisson, SI
Varam. Ragnheiður Héðinsdóttir, SI
Varam. Gestur Pétursson, ÍSAL hf.

Vinnueftirlit ríkisins / starfsnefndir
Fjárhagsnefnd Hannes G. Sigurðsson, SA
Efnanefnd Óskar Mariússon, SA
EES-nefnd Óskar Mariússon, SA
Jón Rúnar Pálsson, SA

Heilsuvernd starfsmanna
Óskar Mariússon, SA
Jón Rúnar Pálsson, SA

Stjórn Vinnueftirlits í landbúnaði
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam. Óskar Mariússon, SA

Verkefnisráð um réttindi til að stjórna vinnuvélum
Árni Jóhannsson, SI

Nefnd um málefni langveikra barna
Hrafnhildur Stefánsdóttir

Brunamálaráð
Aðalm. Gestur Pétursson, ÍSAL hf.
Varam. Kári Arngrímsson, Keflavíkurverktakar

Starfshópur um flutning á hættulegum efnum um jarðgöng
Gestur Guðjónsson, Olíudreifing hf.



HEILBRIGÐISNEFNDIR

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Aðalm. Ragnheiður Héðinsdóttir, SI
Varam. Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands
Aðalm. Sigrún Pálsdóttir, Ísl. járnblendi-félagið hf.
Varam. Guðmundur Páll Jónsson, Haraldur Böövarsson hf.

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða
Aðalm. Einar Valur Kristjánsson, Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.
Varam. Örn Ingólfsson, Póls-Rafeindavörur hf.

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis vestra
Aðalm. Steinar Svavarsson, Þormóður rammi-Sæberg hf.
Varam. Rúnar Marteinsson, Þormóður rammi-Sæberg hf.

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra
Aðalm. Hlynur Veigarsson, Samherji/Strýta hf.
Varam. Guðmundur H. Sigurðarson, Byggir ehf.

Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis
Aðalm. Benedikt Jóhannsson, Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Varam. Svanbjörn Stefánsson, Síldarvinnslan hf.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands
Aðalm. Guðmundur Elíasson, KÁ
Varam. Lúðvík Börkur Jónsson, Útg. Berghóll

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja
Aðalm. Albert B. Hjálmarsson, Keflavíkurverktakar
Varam. Stefán Sigurðsson, Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf.

Heilbrigðisnefnd Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis
Aðalm. Gestur Pétursson, ÍSAL hf.
Varam. Örn Sigurðsson, Glerborg hf.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

Aðalm. Sigurður Bragi Guðmundsson, Sigurplast hf.
Varam. Brynjar Eymundsson, Veislan-veitingaeldhús

Hollustuháttaráð

Aðalm. Óskar Mariússon, SA
Varam. Baldur Hjaltason, Lýsi
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam. Jóngeir H. Hlinason, Atvinnul. tryggingasjóður

ÝMSAR NEFNDIR

Atvinnumálahópur á Húsavík
Helgi Pálsson framkvstj., Skipaafgreiðsla Húsavíkur

ICEPRO, nefnd um verklag í viðskiptum
Jón H. Magnússon, SA

Staðlaráð Íslands – stjórn

Aðalm. Víglundur Þorsteinsson, BM-Vallá hf.
Varam. Óskar Mariússon, SA

Starfshópur sem fjallar um samgöngur til Vestmannaeyja
Arnar Sigurmundsson, SF

Rýnihópur vegna þróunaráætlunar miðborgar Reykjavíkur
Erna Hauksdóttir, SAF

Samstarfsráð fyrir höfuðborgarsvæðið

Ari Edwald, SA
Sigurður Jónsson, SVP
Erna Hauksdóttir, SAF
Tómas Möller, Olíuverslun Íslands hf.

Stjórn NEMIA
Ari Edwald, SA

Nefndir á vegum UNICE

Á vegum UNICE starfa margar nefndir og verkefnahópar. Í sumar þeirra eru starfsmenn samtakanna í Reykjavík skipaðir eða starfsmaður Evrópuskrifstofu atvinnulífsins í Brussel. Sjá nánar um UNICE í kafla 9.

EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

2.1 KRAFTMIKLU HAGVAXTAR-SKEIÐI LOKIÐ


Á síðasta ári var hagvöxtur á Íslandi mun meiri en í viðskiptalöndunum sjötta árið í röð. Samkvæmt síðustu áætlunum nam hagvöxturinn 3% á árinu 2001 samanborið við 1% að meðaltali í OECD-ríkjunum. Kraftmikill hagvöxtur í lok mikils þensluskeiðs á árunum á undan kom nokkuð á óvart enda var fram eftir árinu 2001 almennt gert ráð fyrir stöðvun hagvaxtar eða jafnvel samdrætti vegna minnkandi útgjalda innanlands, bæði til neyslu og fjárfestingar. Skýringar á hagvexti síðasta árs er því að finna í auknum útflytningi á vöru og þjónustu. Á undanförunum sex árum, eða á árabílinu 1995–2001, hefur hagvöxtur á Íslandi numið rúmum 30% samanborið við rúm 20% í öðrum iðnríkjum. Árlegur vöxtur var rúm 4,5% samanborið við tæp 3% í iðnríkjunum. Þessi mikli hagvöxtur hefur skapað grundvöll fyrir stórbættum lífskjörum landsmanna, en á þessu árabíli nam hagvöxtur á hvern íbúa samtals 21% og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst um 23%.

2.2 VIÐSKIPTAHALLINN SNAR-MINNKAÐ


Þenslan í þjóðarþýskapnum á undanförunum árum leiddi til óvenjulega mikils viðskiptahalla og aukningar á erlendum skuldum. Sú þróun gat ekki gengið til lengdar og aðlögun þjóðarútgjalda að tekjum þjóðarþýskans var óhjákvæmileg. Vegna hins mikla ójafnvægis í utanríkisviðskiptum óttuðust margir að aðlögunin yrði hörð og sársaukafull, en nú eru horfur á að atvinnulífið komist mjúklega í gegnum niðursveifluna án umtalsverðra skakkafalla. Einkaneysla dróst saman í fyrra og horfur eru á áframhaldandi samdrætti á þessu ári. Sama gildir um fjárfestingar sem dragast enn meira saman á þessu ári en því síðasta. Það eru einkum fjárfestingar atvinnuveganna sem dragast saman en hins vegar aukast fjárfestingar í íbúðarhúsnæði jafnt og þétt. Um leið og neysla og fjárfestingar dragast saman færast sparnaður landsmanna smám saman í eðlilegt horf.

Með lækkandi gengi krónunnar hefur innflutningur minnkað mikið. Einkaneysla hefur dregist saman, en auk þess hefur innlend eftirspurn beinst að innlendra framleiðslu. Jafnframt hefur útflytningur vaxið. Þetta hefur leitt til þess að halli á verslun við útlönd, sem var 10% af landsframleiðslu árið 2000 fór niður í um 4,5% í fyrra. Vöxtur í útflytningi og samdráttur í innflutningi virðast eiga nokkuð jafnan þátt í að draga úr viðskiptahallanum. Útflytningur jókst um 8% á liðnu


Hagvöxtur á Íslandi og OECD



Heimild: Þjóðhagsstofnun, OECD

Jöfnuður í utanríkisviðskiptum Íslands
Hlutföll af landsframleiðslu

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Staða þjóðarþýskans út á við.
Hlutföll af VLF

Heimild: Seðlabanki Íslands

ári og innflutningur dróst saman um 8%. Þjóðhagsstofnun gerir í spá sinni í mars 2002 ráð fyrir að útflytningur aukist enn á þessu ári og innflutningur haldi áfram að skreppa saman, þó að það gerist hægar en árið 2001. Því er spáð að viðskiptahallinn verði um 2% árið 2002.




2.3 MIKLAR ERLENDAR SKULDIR

Viðskiptahalli undanfarinna ára hefur leitt til mikillar aukningar á erlendum skuldum. Hlutfall hreinna erlendra skulda hefur aukist úr 50% af landsframléðslu í yfir 100% á fjórum árum. Þar er bæði að verki aukin lántaka og gengislækkun krónunnar. Hrein erlend skuldastaða, sem eru hreinar erlendar skuldir að frádregnum hreinum eignum áhættufjármuna, jókst úr 50% af landsframléðslu í 80% á aðeins tveimur árum, þ.e. frá 1999–2001. Svo miklar erlendar skuldir, og mikil skuldaaukning, eru einsdæmi meðal þeirra þjóða sem við berum okkur helst saman við. Á Norðurlöndunum (að Noregi frátöldum) og stærri iðnríkjum er algengt að hreinar erlendar skuldir séu á bilinu 20–30% af landsframléðslu.


2.4 GENGISFESTAN AFLÖGB OG KRÓNAN FELLUR

Eftir að vikmörk krónunnar voru aflögb þann 28. mars 2001 og gengi krónunnar sett á flot, ásamt því að stýrivextir Seðlabankans voru lækkaðir úr 11,4% í 10,9%, féll gengið án afláts næstu mánuði og var vísitala gengisskráningar orðin 15% hærri í júní en í mars 2001. Á þeim tíma var almennt talið að um tímabundna dýfu væri að ræða, m.a. vegna sjómannaverkfalls og ójafnvægis í gjaldeyrisstraumum, og beitti Seðlabankinn ekki neinum aðgerðum til að sporna gegn þessari þróun. Þetta mikla gengislækkunarferli stöðvaðist eftir inngrip Seðlabankans í lok júní og 25 milljarða erlenda lántöku til að styrkja eiginfjárstöðu bankans. Lækkunin gekk hins vegar ekki nema að nokkru leyti til baka um sumarið 2001 og virðast minnkandi aflaheimildir og ótti við vaxandi verðbólgu hafa átt þar stærstan hlut að máli.

Á haustmánuðum tók gengið að lækka á ný og megnuðu inngrip Seðlabankans ekki að stöðva þá þróun, en bankinn keypti gjaldeyri í október 2001 fyrir tæpa 9 milljarða króna sem nam 7% af gjaldeyrisveltu þess mánaðar. Þá lækkaði bankinn stýrivexti sína í nóvember um 0,8%. Á árinu námu heildar kaup bankans á gjaldeyri tæpum 30 milljörðum króna sem nema 2,5% af veltunni á gjaldeyrismarkaðnum. Gengisvísitalan náði hámarki í lok nóvember þegar hún fór yfir gildið 151 en í kjölfar samnings SA og ASÍ þann 13. desember snerist gengisþróunin við. Eitt meginmarkmið þess samnings var að hafa þau áhrif að gengið styrktist á ný með því að eyða óvissu á vinnumarkaði með launa- og verðlagsþróun. Þær vonir sem bundnar voru við áhrif



Heimild: Seðlabanki Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands

samningsins, og lágu til grundvallar verðlagsþápm fyrir árið 2002, hafa fyllilega gengið eftir.

2.5 VERÐBÓLGA YFIR ÞOLMÖRKUM

Í mars árið 2001 tók Seðlabankinn upp verðbólgu markmið, 2,5% á ári, í stað fyrri stefnu fastgengis með vikmörkum. Efri þolmörk verðbólgunnar voru þó tímabundið hærri, þ.e. 6% á árinu 2001, en í byrjun árs 2002 lækkuðu þau í 4,5%. Í kjölfar lækkandi gengis vorið 2001 jókst verðbólga og í júní fór hún yfir þolmörkin. Seðlabankinn gaf út skýrslu um viðbrögð sín eins og honum ber við slík tækifæri. Þar kom fram að líklegt væri að markmið um 2,5% verðbólgu næðist ekki fyrr en um mitt ár 2003, að óbreyttu gengi krónunnar. Bankinn ákvað þó að hreyfa ekki við vöxtum að svo stöddu. Verðbólgan allt árið 2001 var 9,4% og hefur ekki verið meiri síðan á níunda áratug síðustu aldar, þ.e. fyrir hina margumtöluðu þjóðarsátt gegn verðbólgu.





Batnandi afkoma í samkeppnisgreinum

Raungengi krónunnar, þ.e. innlendir kostnaður í erlendra mynt, miðað við viðskiptalönd, lækkaði mikið á liðnu ári. Þetta var búhnykkur fyrir sjávarútveg og aðrar útflutnings- og samkeppnisgreinar, þar sem tekjur ráðast að miklu leyti í erlendum gjaldmiðlum (þó má ekki gleyma því að laun sjómanna haldast í hendur við afurðaverð). Afkoma sjávarútvegs fyrir fjármagnsliði hefur sjaldan verið betri en undanfarin misseri. Þar ræður lágt gengi krónunnar mestu, en einnig má nefna að verð á mjóli og lýsi hefur hækkað mikið. Hagur flestra annarra útflutnings- og samkeppnisgreina hefur líka verið með ágætum, ef fjármagnskostnaður er ekki talinn.

Kaupmáttur launa er nú óvenjumikill hér á landi. Þetta veldur erfiðleikum í þjónustugreinum og öðrum atvinnuvegum sem ekki njóta ávinnings af lækkuðu gengi krónunnar. Óvenjugóð afkoma fyrir fjármagnsliði í mörgum samkeppnisgreinum virðist standast nokkurn veginn á við óvenjuslæma afkomu í öðrum greinum. Hagur atvinnulífsins í heild fyrir fjármagnsliði virðist því hafa haldist mjög svipaður á árunum 1998–2001. Ef eitthvað er hefur hann heldur skánað þegar lítið er á þennan mælikvarða.


Þegar lítið er á arðsemi eiginfjár má sjá aðra mynd. Arðsemin var á bilinu 6–8% frá 1994 til 1999, en hrapaði árið 2000. Afkoman batnaði nokkuð árið 2001 en náði þó ekki fyrri hæðum fyrr en undir lok ársins. Þegar krónan féll hækkaði fjárhæð erlendra skulda meira en verðlag hér á landi – og mismunurinn er færður til gjalda hjá skuldurum. Hjá fyrirtækjum sem gera út á heimamarkað er þetta raunverulegur kostnaður sem ekki fellur brott nema gengi krónunnar hækki.

Gengistap af skuldum gefur hins vegar vart rétta mynd af afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina. Vextir og afborganir af erlendum lánum hækka þegar gengi krónunnar lækkar, en tekjur þessara fyrirtækja hækka að sama skapi. Útflutningsfyrirtæki hagnast alltaf þegar raungengi krónunnar lækkar. Á þessu ári hefur gengi krónunnar hækkað um 6% (m.v. 22. apríl) og um 12% frá því sem það var lægst í nóvemberlok á síðasta ári.

Afkoma var góð í bankarekstri á liðnu ári eins og mörg undanfarin ár. Hlutaþréf lækkuðu í verði og meira var sett á afskriftareikning banka og sparisjóða en áður. Á hinn bóginn héldu vextir á óverðtryggðum skuldbindingum ekki í við verðbólguna. Þar sem skuldir banka (innlán) eru að miklu leyti óverðtryggðar, en eignir (útlán) verðtryggðar, batnaði hagur þeirra þegar verðbólgan jókst. Arðsemi eiginfjár í tryggingafélögum hefur um langt árabil verið á annan tug prósentu og árið 2001 virðist þar ekki hafa verið undantekning. Afkoma hefur líka lengi verið góð hjá fyrirtækjum í byggingariðnaði. Miklar framkvæmdir hér á landi, sem staðið hafa allt frá 1995, hafa verið gjöfugar þessari grein. Arðsemi hefur verið mjög góð af álverinu í Straumsvík síðan 1994 og einnig af Norðuráli eftir að rekstur hófst þar. Segja má að álver hafi malað gull árið 2000, en þá var verð á áli í hámarki. Í fyrra lækkaði það nokkuð aftur. Afkoma járnblendis hefur verið afar léleg að undanfögnu vegna verðfalls á afurðum. Þokkalegur hagnaður hefur verið af verslun, miðað við það sem gengur og gerist hér á landi.


Hugbúnaðargeirinn hefur tapað miklu fé undanfarin misseri hér á landi eins og annars staðar. Hagur samgöngufyrirtækja versnaði mikið þegar olíuverð hækkaði árið 2000. Á liðnu ári lækkaði olíuverð aftur, en lágt gengi krónunnar olli því að utanferðum fækkaði og innflutningur dróst saman. Afkoman í þessari grein var því slæm á liðnu ári. Ekki liggja fyrir upplýsingar um afkomu veitinga- og gistihúsa árið 2001 en afkoma þeirra var afleitt árið á undan. Halli hefur verið á fjölmiðlun og bókaútgáfu. Þá er enn mikill halli á erfðarannsóknunum.

Raungengi, hlutfallslegur launakostnaður 1980=100



Heimild: Seðlabanki Íslands

Arðsemi eiginfjár íslenskra fyrirtækja



Heimildir: 1989–1997 Þjóðhagsstofnun, 1998–2000: Útreikningar SA reistir á tölum Þjóðhagsstofnunar, 2001: Áætlun SA út frá afkomu fyrirtækja á Verðbréfaþingi

Verðbólgan í viðskiptalöndum okkar er í kringum 2%. Verðbólga í milliríkjaviðskiptum er hins vegar engin og er nær að tala um verðhjöðnun á þeim vettvangi. Verðbólgan er því ekki innflutt heldur heimatilbúin. Verðbólgan undanngengin ár á sér rætur í of miklum umsvifum í hagkerfinu, of miklum kostnaðarhækkunum, launaskriði og samningsbundnum kauphækkunum, og í framhaldi af óhjákvæmilegu gengisfalli krónunnar. Þessi þróun er nú að baki og í staðinn hefur krónan styrkst og launaskrið minnkað mikið. Það bendir því allt til þess að verðbólgan verði svipuð og í viðskiptalöndum okkar á næstu misserum. Verðbólgan gengur hratt niður. Í apríl var verðbólga næstliðinna 12 mánaða 7,5% en mikilvægari var sú staðreynd að árs hraði verðbólgu næstliðinna þriggja mánaða var kominn undir 1%. Á skemmri mælikvarða en eitt ár er því verðbólga komin á svipað stig og í viðskiptalöndunum. Gildi vísitölu neysluverðs í apríl var 221,9 en „rauða strikið“ í maí er 222,5. Á þeirri stundu sem þetta er skrifað, um miðjan apríl, benda líkur til þess að þetta mark náist, einkum í ljósi þess hvað krónan hefur styrkst mikið undanfarið.

2.6 AÐHALD PENINGASTEFNUNNAR

Frá því að sjálfstæði Seðlabankans var aukið árið 2001 hefur mikið verið deilt um vaxtastefnu bankans. Af hálfu atvinnulífsins hefur því verið haldið fram síðustu misseri að peningastefnan væri of aðhaldssöm þar sem viðfangsefni hagstjórnar væri ekki lengur þensla í atvinnulífi og á vinnumarkaði eins og á árunum 1999–2000 þegar vextir voru ítrekað hækkaðir. Viðfangsefnið væri þess í stað að koma í veg fyrir að aðlögun þjóðarútgjalda að tekjum yrði of harkaleg. Minnkandi neysla og fjárfestingar ásamt minnkandi vinnuafleifirspurn og vaxandi atvinnuleysi bæru þessu ástandi skýrt vitni og í ljósi þess að áhrif af breyttu aðhaldi tækju 6–18 mánuði að koma fram væri brýnt að draga ekki vaxtalækkanir of lengi.


Aðhald peningamálastefnunnar ræðst af raunvöxtum stýrivaxta Seðlabankans. Raunvextina er fræðilega réttast að reikna út frá vöxtum og verðbólgu fram í tímann þar sem þeim er ætlað að hafa áhrif á ákvarðanir um fjárfestingar og neyslu í nánustu framtíð. Raunvextir Seðlabankavaxta eru því stundum reiknaðir út frá verðbólguvæntingum almennings, eins og þær eru mældar í könnunum, eða í verðbólguálagi sem finna má með mismunandi ávöxtun verðtryggðra og

överötryggðra skuldabréfa með sama líftíma. Það hefur hins vegar nokkuð borið á því undanfarið að reiknaðir séu raunvextir Seðlabanka út frá verðbólgu síðustu 12 mánaða. Þetta er sérstaklega villandi um þessar mundir þar sem í þeim tölum eru áhrif gengisfallsins sl. vor sem ekkert hefur með ástandið nú að gera. Nær lagi er að miða raunvexti Seðlabankavaxta við verðbólgu síðustu sex mánaða og spár um verðlagsþróun næstu sex. Þetta er gert á mynd hér á síðunni, þar sem raunvextir eru reiknaðir út frá verðbólgu sex mánuði aftur í tímann og sex mánuði fram í tímann. Myndin sýnir að raunvextir á þessum kvarða hafa farið hækkandi frá miðju síðasta ári og fara hækkandi frá mánuði til mánaðar á þessu ári. Vaxtalækkanir Seðlabankans í mars og nóvember sl. breyta því ekki að raunvextir hafa farið hækkandi og aðhaldsstig peningamálastefnu Seðlabankans hefur vaxið. Það er kjarninn í gagnrýni atvinnulífsins á peningamálastefnunna, að aðhaldsstigið er of hátt miðað við ástandið í atvinnulífinu um þessar mundir.


2.7 SPENNUFALL Á VINNUMARKAÐI

Það sem af er þessu ári og frá síðastliðnu hausti hafa kannanir á vinnuafslþörf fyrirtekja sýnt vilja atvinnurekenda til að fækka starfsmönnum. Fara verður aftur til ársins 1994 til að finna dæmi um minnkandi eftirspurn í svo langan tíma í senn. Fækkunaráformin hafa þó enn sem komið er verið tiltölulega lítil eða 0,3–0,4% af mannafla. Skráð atvinnuleysi hefur aukist hratt og nam 2,7% af mannafla að meðaltali í marsmánuði samanborið við aðeins 1,5% í sama mánuði í fyrra. Atvinnuleysi er þó minna en að meðaltali í marsmánuði síðasta áratug en það hefur numið 3,1% að jafnaði. Umbætur í starfsemi vinnumiðlana, sem haft hafa í för með sér virkari vinnumiðlun, kunna þó að gera samanburð yfir tíma varhugaverðan og tölur ekki fyllilega sambærilegar. Atvinnuleysi hélt enn áfram að aukast í aprílmánuði en þó með minni hraða en undanfarið. Útlit er fyrir að atvinnuleysi vaxi jafnt og þétt eftir því sem líður á árið vegna minnkandi umsvifa í þjóðarþúskapnum.


Ótvírátt merki um minnkandi spennu á vinnu-
markaði er atvinnupátttaka ungmennta á aldrinum
16–24 ára. Í síðustu vinnuorkaðsrannsókn Hag-
stofunnar í nóvember 2001 var atvinnupátttaka
þessa hóps 75% samanborið við 80–81% árin
áður, en er sambærileg við atvinnupátttökuna árið
1998. Þetta sést glögglega á línuriti sem fylgir
kafla 4.



Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands



Heimild: Vinnumálastofnun, PHS



Heimild: Kjararannsóknarnefnd, OECD

2.8 LAUNABRÓUN NÁLGAST SAMKEPPNISLÖND

Síðasta mæling Kjararannsóknarnefndar sýndi að laun höfðu hækkað um 5,9% á 4. ársfjórðungi 2001 frá sama tíma árið 2000. Þetta er mun lægri taktur en verið hefur frá upphafi samningstíma





kjarasamninga í ársbyrjun 2000. Launabreytingar hjá samkeppnisríkjum okkar, OECD-ríkjunum, hafa verið á bilinu 3,5–4% bæði árin 2000 og 2001. Lækkun á launabreytingataktinum niður á svipað stig og í samkeppnisríkjunum er forsenda þess að verðbólga náist niður á svipað stig og í samkeppnislöndunum. Breytingarnar stefna í þá átt og ætti takturinn að fara að nálgast 4% síðar á árinu. Lönd með árlegar launabreytingar á bilinu 4,0–4,5% eru t.d. Bretland, Danmörk, Finnland og Noregur, en önnur ríki eru yfirleitt með minni hækkunarir.

2.9 FORSENDUR SKOÐAÐAR Í MAÍ Í STAÐ FEBRÚAR

Flestir kjarasamningar hafa að geyma vísun í úrskurð nefndar SA og ASÍ sem m.a. hefur það hlutverk að kveða upp úr um það í febrúar ár hvert hvort forsendur kjarasamninga um verðbólguþróun hafi staðist. Undir lok árs 2001 var ljóst að markmið kjarasamninga um lækkun verðbólgu myndi ekki nást og var í desember gerður samningur milli SA og ASÍ um breytingar á samningsforsendum. Samningurinn fól m.a. í sér að verði vísitala neysluverðs eigi hærri en 222,5 stig í maí 2002 telst verðbólguforsenda kjarasamninga hafa staðist. Standist þessi forsenda ekki eru launaliðir viðkomandi kjarasamninga uppsegjanlegir í maí með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Ljóst var þegar í upphafi að ekki mátti mikið út af bera ef markmiðið átti að nást. Til að markmiðið næðist mátti verðlag ekki hækka um meira en 1,8% á þessu sex mánaða tímabili.

2.9 AFKOMA HINS OPINBERA


Árin 1999 og 2000 var myndarlegur afgangur á rekstri hins opinbera. Árið 2001 breyttist

afkoman til hins verra og var nálægt núlli, samkvæmt áætlunum Þjóðhagsstofnunar í mars 2002. Gert er ráð fyrir að hallinn aukist á þessu ári. Samneyslan nam svipuðu hlutfalli af landsframleiðslu árin 2000 og 2001, eða rúm 23%, en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að hlutfallið hækki í 24% árið 2001. Hlutfallið hefur farið hækkandi í áratugi. En athygli vekur að það hefur enn vaxið á hagvaxtarskeiðinu sem verið hefur hér undanfarin ár og það án þess að ákvörðun virðist hafa verið tekin um það að auka þjónustu hins opinbera svo nokkru nemi, heldur má öðru fremur rekja þessa þróun til mikilla launahækkana opinberra starfsmanna.

2.10 KÓLNANDI HAGKERFI

Þegar tillit er tekið til árstíðasveiflu var árstíðaleiðrétt atvinnuleysi í mars rúm 2%. Það telst ekki mikið samanborið við sl. áratug en hefur hins vegar farið hratt vaxandi. Haggrannsóknir benda til þess að 2–3% atvinnuleysi samræmist óbreyttri verðbólgu, sem er nokkurn veginn það stig sem ríkjandi er um þessar mundir. Hugsanlegt er að ekki náist að koma verðbólgu niður á svipað stig og í viðskiptalöndunum enn, nema með heldur meira atvinnuleysi en nú er. Á móti má segja að þegar verðbólgan komst niður í 2% fyrir áratug var atvinnuleysi ekki miklu meira en nú er. Nýjustu tölur um hagvöxt eru hærri en áður var talið og benda til þess að sú framleiðsluspenna sem byggst hefur upp á liðnum árum hafi ekki enn horfið. Með lækkandi verðbólgu vinnur styrkingin á gengi krónunnar undanfarna mánuði en á móti er raungengi með lægsta móti og einhver verðbólgutílefni enn eftir vegna gengislækkunar sl. árs.

Vegna lágs raungengis er hagur samkeppnisgreinanna góður. Minnkandi eftirspurn eftir innflutningi og þjónustu og styrk staða útflutnings og samkeppnisgreina veldur því að starfsfólk þarf að færast á milli atvinnugreina. Sú spurning vaknar hvort hraðvaxandi atvinnuleysi á fyrstu mánuðum ársins endurspeglar að hluta tímabundna tilfærslu starfsfólks úr þjónustugreinum yfir í samkeppnisgeirann. Lítil verðbólga og fregnir af vinnumarkaði vekja vonir um að jafnvægi sé að skapast, en rétt er að fara sér hægt í því að fagna lokasigrinum á baráttunni við verðbólguna. Meginmarkmið hagstjórnar er langtímahagvöxtur og fátt er honum skaðlegra en ofpensla og verðbólga.



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 2001: áætlun, 2002: spá

KJARA- OG SAMNINGAMÁL

3.1 GERÐ KJARASAMNINGA 2001/2002

Vorið 2001 var lokið flestum kjarasamningum sem SA á aðild að. Er þeim gerð skil í síðustu tveimur ársskýrslum. Þó var enn ólokið samningum við fiskimenn, leiðsögumenn og bifreiðastjóra í Sleipni.

3.2 FISKISKIP

Eins og fram kemur í ársskýrslu SA fyrir 2000/2001 höfðu samningar fiskimanna verið lausir frá 15. febrúar 2000, en um hvað var helst deilt?

Launakerfi fiskimanna (hlutaskiptakerfi) er mjög frábrugðið því sem tíðkast á öðrum sviðum vinnumarkaðarins. Útgerð og áhöfn skipta með sér verðmæti aflans úr hverri veiðiferð eða þess sem aflast í hverjum mánuði. Ef verðmætið nær ekki ákveðnu lágmarki miðað við veiðiferð eða mánuð þá skal útgerðarmaður greiða umsamda kauptryggingu. Laun sjómanna í forni aflahlutar lúta öðrum lögmálum en laun starfsmanna í öðrum atvinnugreinum.

Af hálfu sjómanna bar hæst kröfuna um að allur afli yrði seldur á fiskmörkuðum eða að afli sem ekki væri seldur á fiskmörkuðum tæki beint mið af verði á fiskmörkuðum. Þá gerðu stéttarfélag sjómanna kröfu um verulega hækkun á kauptryggingu og öðrum launaliðum, sem vinnuveitendur í landi höfðu samið um og útgerðin ætti að standa undir af sínum hlut í aflanum. Útvegsmenn gerðu forystumönnum sjómanna grein fyrir því að þar sem deilur um fiskverð voru ekki til staðar gætu útvegsmenn ekki tekið á sig aukinn launakostnað, sem væri þegar hærri en almennt gerðist í öðrum atvinnurekstri. Af hálfu útvegsmanna var bent á að af hlutaskiptakerfinuleiddi að útgerðarmenn fá ekkert í sinn hlut vegna útlagðs

kostnaðar við nýjan og vinnusparandi búnað sem þeir settu í skipin heldur leiddi þvert á móti til hækkunar. Myndu útgerðarmenn ekki una við slíkt ástand lengur.

Verkfalli fiskimanna sem hófst 15. mars 2001 var svarað með verkbanni útvegsmannafélaga frá sama tíma. Að kvöldi 19. mars 2001 samþykkti Alþingi lög sem frestuðu verkfalli og verkbanni til 1. apríl. Verkföll og verkbönn skulu aftur á þann 1. apríl, þar sem engar sættir höfðu orðið í deilunni. Útvegsmenn lögðu mikið upp úr því að ná samkomulagi við stéttarfélag fiskimanna en því miður tókst það ekki nema við eitt þeirra. Samningar tókust við Vélstjórafélag Íslands 9. maí 2001 og var þá verkfalli vélstjóra og verkbanni á þá frestað. Kjarasamningur við Vélstjórafélag Íslands (VSFÍ) er birtur í heild á heimasíðu LÍÚ www.liu.is.

Ekki tókst að ná samningum við önnur félag fiskimanna og þann 16. maí 2001 batt Alþingi enda á verkföll sjómanna og verkbönn útvegsmanna með lögum nr. 34/2001. Með lögnum var ákveðið að ef aðilar hafi ekki náð samkomulagi fyrir 1. júní 2001 skyldi þriggja manna gerðardómur skipaður af Hæstarétti Íslands ákveða nánar tilgreind atriði um kjaramál fiskimanna fyrir 1. júlí 2001.

Gerðardómurinn kvað upp ítarlegan úrskurð sem birtur er í heild á heimasíðu LÍÚ www.liu.is, en deilumálum var ekki lokið með því. Sjómanna-samtökin hafa höfðað þrjú mál fyrir almennum dómstólum, þar sem hafðar eru uppi kröfur um ógildingu úrskurðar gerðardóms og laga 34/2001. Þá hefur eitt mál verið dæmt í Félagsdómi um ágreining um túlkun á niðurstöðu gerðardóms og annað mál er á leiðinni. *Frekari umfjöllun um dómsmálin er í 8. kafla ársskýrslunnar.*





3.3 LEIÐSÖGUMENN

Meginkröfur leiðsögumanna sneru að gjörbreyttu launafyrirkomulagi og hækkun dagvinnulauna. Var í því sambandi vísað til kjarasamninga háskólamanna, enda er stór hluti leiðsögumanna háskólamenntaður. Kjarasamningur var undirritaður 17. maí 2001 og gildir hann til 31. október 2004. Með samningnum náðist sátt um nýtt launakerfi leiðsögumanna en ágreiningur hafði staðið um það í allmörg ár. Í stað þess að greitt væri jafnaðarkaup alla daga vikunnar var tekið upp sérstakt kvöld- og helgaralag. Á móti voru felld út ákvæði um fastar greiðslur fyrir algengustu ferðirnar en þess í stað gert ráð fyrir greiðslu fyrir rauntíma eða umsaminnt ferðatíma sem leiðsögu- maður og atvinnurekandi koma sér saman um.

3.4 BIFREIÐASTJÓRAFÉLAGIÐ SLEIPNIR

Sleipnismenn hófu verkfallsaðgerðir 8. júní 2000 en þeim lauk 15. júlí sama ár. Slitnaði þá fljótlega upp úr viðræðum og hófust þær fyrst að nýju í júní 2001. SA höfðu þá gert nýja kjarasamninga við Starfsgreinasamband Íslands vegna bifreiðastjóra og sérsamninga við Hlíf og VSKF. Voru þeir samningar hafðir að leiðarljósi í viðræðunum og náðust samningar á þeim grundvelli 5. júlí 2001.

3.5 NEFND ASÍ OG SA UM SAMNINGSFORSENDUR

Í gildandi kjarasamningum SA við viðsemjendur sína er samhljóða ákvæði um samningsforsendur. Ákvæðið kveður m.a. á um að verðbólga skuli hafa farið minnkandi frá þeim tíma sem samningar voru gerðir síðla vetrar árið 2000. Bregðist sú forsenda eru launaliðir samninga uppsegjanlegir. Þessi forsenda stóðst við fyrstu skoðun í febrúar 2001.

Gengi krónunnar lækkaði mikið á vormánuðum ársins 2001 og síðan aftur um haustið. Þessi gengislækkun leiddi eðlilega til vaxandi verðbólgu og stefndi því í uppsögn launaliðar allra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, sem og samninga ríkisstarfsmanna, ef ekki yrði að gert. Ef samningum yrði sagt upp yrðu þeir lausir frá 1. júní 2002.

Síðari hluta nóvembermánaðar 2001 hófust viðræður milli forystu ASÍ og SA með það að markmiði að snúa við þeirri öflugþróun sem orðið hafði í verðlagsmálum. Fulltrúi ríkisstjórnarinnar kom síðar að samningaborðinu og urðu viðræðurnar því þriðja. Samkomulag tókst þann 13. desember í formi samnings milli SA og ASÍ ásamt yfirlýsingu ríkisstjórnar sem allir aðilar voru sáttir við. Samningur SA og ASÍ fól í sér þrjú meginatriði. Sú skoðun á verðlagsforsendum sem átti að eiga sér stað í febrúar 2002, skv. kjarasamningum, var felld niður og í staðinn var samið um „rautt strik“ sem fól í sér að ef vísitala neysluverðs yrði 222,5 eða lægri þá væru samningar bundnir áfram, en annars væru launaliðir þeirra uppsegjanlegir frá 1. september 2002.

Í öðru lagi lýsti nefnd ASÍ og SA um samningsforsendur því yfir að ekki yrði um frekara mat á samningsforsendum að ræða á árinu 2002. Í þriðja lagi var samið um tilteknar breytingar á kjarasamningum ef verðlagsmarkmiðið næðist og samningum yrði ekki sagt upp. Breytingarnar voru þær að frá og með 1. júlí 2002 munu vinnuveitendur greiða 1% framlag í séreignarsjóð launamanns án framlags af hálfu launamanns og að almenn launahækkun þann 1. janúar árið 2003 verði 0,40% hærrí en ella.

3.6 SAMNINGUR VIÐ VR OG LÍV

Í kjarasamningum verslunarmanna er sjálfstætt ákvæði um verðlagsforsendur. Samhliða samningi SA og ASÍ var undirritaður samningur við VR/LÍV um að ekki yrði um frekara mat á samningsforsendum á árinu 2002 að ræða af hálfu samningsaðila. Eins og önnur aðildarfélög ASÍ eiga verslunarmannafélögin uppsagnarheimild vegna verðbólguforsendna miðað við maí 2002.

Vinnustöðvanir á árinu 2001

Verkfallsaðili	Vinnustöðvun hófst	Vinnustöðvun lauk	Fjöldi virkra daga	Fjöldi þátttakenda	Tapaðir vinnudagar
Almennur vinnumarkaður					
Sjómannasamband Íslands v/sjómannna	16.3		37	2.235	82.697
FFSÍ v/sjómannna	16.3		36	1.600	57.600
Vélstjórafélag Ísl. v/félagsmanna á fiskiskipum	16.3		30	1.092	32.806
Samtals			103	4.927	173.103
Opinber vinnumarkaður					
KÍ v/framhaldsskólakennara	1.1	6.1	4	1.264	5.056
Félag íslenskra flugumferðarstjóra	20.2	20.2	1	64	43
Hlíf v/félagsmanna hjá Hafnarfjarðarbæ	14.5		8	399	3.193
Félag ísl. hjúkrunarfr. v/félagsmanna hjá ríkinu	30.5	31.5	2	906	1.812
ÞÍ v/félagsmanna hjá Reykjavíkurborg	18.5	21.6	23	45	1.035
ÞÍ v/félagsmanna hjá ríkinu	28.6	7.7	7	137	959
ÞÍ v/félagsmanna hjá sjálfseignastofnunum	15.6	7.7	16	58	928
FÍH v/tónlistarkennara	22.10	27.11	27	197	5.319
KÍ v/félagsmanna í félagi tónlistarskólakennara	22.10	27.10	27	362	9.774
STAK v/tónlistarkennara	22.10	30.11	30	13	390
SLFÍ v/félagsmanna hjá ríkinu			12	400	4.800
SLFÍ v/félagsmanna hjá Reykjavíkurborg			3	62	186
SLFÍ v/félagsmanna hjá sjálfseignastofnunum			3	66	198
SLFÍ v/félagsmanna hjá launaneftnd sveitarfélaga			18	48	867
Samtals			181	4.021	34.560
Tapaðir vinnudagar alls			284	8.948	207.663

Heimild: Kjararannsóknarnefnd

STOFNANIR Á VINNUMARKAÐI

4.1 ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Staða sjóðsins er áfram góð þótt kröfum á hendur sjóðnum hafi fjölgað mikið. Ábyrgðagjaldið er áfram 0,04%. Eigið fé sjóðsins var um 890 milljónir króna í árslok 2001 og hefur lækkað um 83 m.kr. frá árinu áður. Tekjur voru um 286 m.kr., þar af ábyrgðagjald um 167 milljónir, 22 milljónir vegna úthlutunar úr þrotabúum og vaxta-tekjur um 97 m.kr. Gjöld voru samtals 371 m.kr., þar af 228 milljónir vegna launa og 45 milljónir vegna lífeyrissjóðsgreiðslna. Sjóðurinn greiðir auk þess bætur vegna vinnuslysa, óhjákvæmilegan lögmanskostnað og fleira.

Sjóðurinn lýtur þriggja manna stjórn þar sem SA og ASÍ eiga sinn fulltrúann hvor. Vinnumálastofnun annast daglegan rekstur samkvæmt þjónustusamningi milli sjóðstjórnarinnar, félagsmálaráðuneytis og Vinnumálastofnunar.

Stjórn sjóðsins hefur á árinu unnið að endurskoðun laga um hann.


4.2 ATVINNULEYSISTRÝGGINGA-SJÓÐUR

Eigið fé sjóðsins í árslok 2001 er áætlað um 7.900 m.kr. en var 6.320 m.kr. í árslok 2000. Tekjustofn sjóðsins er atvinnutryggingagjald sem er sérstakt gjald, óháð almennu tryggingagjaldi. Samkvæmt lögum nr. 151/1995 um tryggingagjald skal atvinnutryggingagjald hækka eða lækka eftir fjárförum Atvinnuleysistryggingasjóðs, samkvæmt tillögum stjórnar sjóðsins. Atvinnutryggingagjald er í dag 0,8%.

Þá er Atvinnuleysistryggingasjóði nú gert að greiða ríflega helming kostnaðar við rekstur Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana. Hefur kostnaðarhlutdeild sjóðsins aukist úr 50 m.kr. 1998 í 165 m.kr. á árinu 2001. Áður en ríkið tók yfir vinnumiðlun í landinu frá sveitarfélögum voru engar greiðslur frá Atvinnuleysistryggingasjóði til sveitarfélaga vegna skráningar atvinnulausra.

Árið 2001 námu heildarútgjöld sjóðsins um 1.950 m.kr. en 1.730 m.kr. árið á undan. Greiddar atvinnuleysisbætur voru 1.265 m.kr. og þar af 177 m.kr. vegna fiskvinnslufólks, sem er hækkun um 35 m.kr. frá árinu á undan. Styrkir vegna átaksverkefna sveitarfélaga námu 15 m.kr. í stað 21 m.kr. árið áður. Framlög til ýmissa úrræða fyrir atvinnuleitendur hækkuðu um 25 m.kr. frá árinu áður og voru 66 m.kr. Á árinu 2001 námu nefndarlaun vegna starfa í úthlutunar-nefndum og þóknun til stéttarfélaga samtals 31 m.kr. í stað 33 m.kr. árið á undan.

Í janúar 2002 keypti Atvinnuleysistrygginga-



Heimild: Hagstofa Íslands

sjóður af Reykjavíkurborg húsnæði að Engjateigi, sem hýsti vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins á meðan hún var í höndum Reykjavíkurborgar sem verktaka Vinnumálastofnunar. Þegar samningi við Reykjavíkurborg um rekstur vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins var sagt upp var ljóst að vinnumiðlunin yrði á götunni. Samþykkti stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þá að kaupa húseignina að Engjateigi að undirlagi Vinnumálastofnunar og með samþykki félagsmálaráðuneytis. Kaupverðið var 78,5 milljónir króna fyrir 730 fermetra húsnæði. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs telur mögulegt að Vinnumálastofnun geti flutt starfsemi sína úr Hafnarhúsinu að Engjateigi, ásamt því að reka þar vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins og tengda þjónustu.

Ágreiningur um sjálfstæði sjóðsins

Ágreiningur var við ríkisvaldið um sjálfstæði sjóðsins og ávöxtun á fjármunum hans. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs mótmælti því að sjóðurinn væri færður undir A-hluta ríkissjóðs og áritaði ársreikninga sjóðsins undanfarin þrjú ár með fyrirvara um réttmæti færslunnar. Stjórn sjóðsins hefur lagt áherslu á sjálfstæði hans samkvæmt lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar. Þá skrifuðu Samtök atvinnulífsins og ASÍ félagsmálaráðherra bréf þann 12. desember 2000, þar sem áréttað er að ASÍ og SA leggi sameiginlega áherslu á að verja sjálfstæði sjóðsins og mótmæli því kröftuglega að fasteignir og lausafé hans séu færð frá Atvinnuleysistryggingasjóði í ríkissjóð.

Sjóðsstjórnin fékk Sigurð Líndal fyrrverandi prófessor til þess að vinna álitsgerð um réttarstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs vorið 2001 og skilaði hann því í lok desember 2001. Niðurstaða Sigurðar er sú að sjóðurinn sé sjálfstæður sjóður,





sjálfseignarstofnun, og óháður framlögum úr ríkissjóði. Sjóðurinn hafi sjálfstæðan tekjustofn og sjóðsstjórn taki ákvörðun um ávöxtun sjóðsins samkvæmt lögum. Flutningur sjóðsins úr B-hluta fjárlaga í A-hluta án samþykkis sjóðsstjórnarinnar væri ekki í samræmi við lög. Lög um fjárreiður ríkisins fái ekki samrýmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar og fjárlög eða fjárukalög geti ekki breytt því að atvinnutryggingargjald eigi að renna í og sé eign Atvinnuleysistryggingasjóðs. Fjármálaráðuneytið hefur með bréfi til stjórnar sjóðsins hafnað áliti Sigurðar í einu og öllu og lýsir því yfir án frekari rökstuðnings að Atvinnuleysistryggingasjóður sé eign ríkissjóðs.

4.3 VINNUMIÐLUN/VINNUMÁLA-STOFNUN

Yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu er í höndum Vinnumálastofnunar sem starfar samkvæmt lögum nr. 13/1997 um vinnumarkaðsaðgerðir. Undir stofnunina heyra átta svæðisvinnumiðlanir sem fylgja nokkurn veginn kjördæmamörkum. Auk þess eru fjölmargir upplýsinga- og skráningarstaðir á hverju svæði fyrir atvinnulausa og þá sem eru í atvinnuleit.

Í tengslum við hverja svæðisvinnumiðlun eru starfandi níu manna svæðisráð sem skipuð eru þremur fulltrúum atvinnurekenda á svæðinu, þremur fulltrúum launþega, tveimur fulltrúum sveitarfélaga og einum fulltrúa framhaldsskóla. Svæðisráði er ætlað að fylgjast með stöðu og horfum í atvinnumálum á svæðinu og gera tillögur um úrræði og úrbætur sem komið gætu í veg fyrir atvinnuleysi og orðið til að auka möguleika þeirra sem verða atvinnulausir til að fá vinnu aftur.

EURES (European Employment Services) er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Íslenskt heiti þess er EES-

vinnumiðlun og hefur hún aðstöðu í verslunarhúsinu Firði í Hafnarfirði. Geta atvinnuleitendur sem vilja sækja um störf erlendis og atvinnurekendur sem vilja flytja inn starfsfólk frá öðrum ríkjum á EES svæðinu fengið aðstoð EES-vinnumiðlunarinnar.


Vinnumálastofnun annast afgreiðslu á atvinnuleyfum til útlendinga sem koma frá löndum utan EES í umboði félagsmálaráðuneytis. Fyrir Alþingi liggja tvö frumvörp sem tengjast málinu. Eru það frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga og frumvarp til breytinga á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Af hálfu SA hefur verið lögð áhersla á að einn aðili hér á landi annist útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa í stað tveggja. SA leggja til að á Íslandi verði útgáfa atvinnu- og dvalarleyfa í höndum útlendingaeftirlits, á sama hátt og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þeim sem vilja nálgast frekari upplýsingar um Vinnumálastofnun og starfsemi hennar er bent á heimasíðu stofnunarinnar, www.vinnumalastofnun.is.

4.4 ERLENT STARFSFÓLK

Nokkur breyting hefur orðið á milli ára á útgáfu atvinnuleyfa fyrir útlendinga frá löndum utan EES. Á árinu 2001 var gefið út 1.401 nýtt tímabundið atvinnuleyfi í stað 1.663 árið 2000. Hins vegar voru framlengd 1.714 tímabundin atvinnuleyfi á móti 1.143 árið 2000. Til fróðleiks má geta þess að ný tímabundin atvinnuleyfi eru gefin út að hámarki til eins árs en möguleiki er til framlengingar um eitt ár í senn. Fyrstu þrjú árin eru atvinnuleyfin gefin út til atvinnurekanda, en að þeim tíma loknum getur útlendingur sótt um óbundið dvalar- og atvinnuleyfi. Fá hann óbundið dvalar- og atvinnuleyfi hefur hann öðlast rétt til þess að dveljast í landinu ótímabundið og er frjálst til að ráða sig í vinnu hjá hverjum sem er. Á árinu 2001 voru gefin út 560 óbundin atvinnuleyfi í stað 406 árið 2000. Þessar tölur sýna að nokkur hluti útlendinga sem koma í upphafi til tímabundinna starfa á Íslandi æskir þess að setjast hér að. Fjölmennastir þeirra sem hafa viljað setjast hér að eru Pólverjar.

Þá má geta þess að einungis fjórir erlendir aðilar sóttu um atvinnurekstrarleyfi á Íslandi árið 2000, en fjölgaði í sjö árið 2001.

Í uppsveiflunni undanfarin ár jókst innflutningur á erlendu starfsfólki. Aðallega var flutt inn starfsfólk frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Tíminn sem það tekur að fá afgreitt atvinnuleyfi fyrir útlending sem kemur frá landi utan EES hefur lengst verulega við aðild Íslands að Schengen samstarfinu. Fyrir utan það fjalla tveir aðilar



Heimild: Hagstofa Íslands

hér á landi um málið í stað eins í nágrannalöndum okkar.

Staða þeirra sem búsettir eru innan EES er öll önnur. Þeir hafa frjálsan rétt til dvalar og vinnu í öðru landi innan EES. Ef þörf er á erlendu starfsfólki með stuttum fyrirvara væri ástæða til að kanna á skrifstofu EES-vinnumiðlunar í Hafnarfirði hvort hún gæti hjálpað. Upplýsingar um EES-vinnumiðlunina eru á heimasíðu Vinnumálastofnunar á slóðinni www.vinnumalastofnun.is. Þegar starfsmaður hefur fundist með aðstoð EES-vinnumiðlunarinnar getur hann allt eins verið kominn til landsins og í vinnu einum til tveimur dögum eftir að hann er ráðinn.

Flókin leið fyrir starfsfólk utan EES

Þegar stendur til að fá starfsmann frá landi utan EES þarf að gæta ýmissa formreglna sem draga afgreiðslu málsins á langinn. Svæðisvinnumiðlun á fyrst að ganga úr skugga um að ekki sé hægt að útvega starfskraft innanlands. Þá er leitað umsagnar viðkomandi stéttarfélags, sem skal svara innan 14 daga frá móttöku félagsins á umsókn um atvinnuleyfi. Liggja skal fyrir undirritaður ráðningarsamningur og heilbrigðisvottorð hlutaðeigandi starfsmanns. Að þessu loknu fjalla tveir aðilar um málið, útlendingaeftirlitið sem veitir dvalarleyfi og Vinnumálastofnun sem veitir atvinnuleyfið.

Framangreindur ferill getur tekið æði langan tíma eins og margir atvinnurekendur hafa reynt. Óheimilt er að veita atvinnuleyfi nema viðkomandi fái dvalarleyfi og atvinnuleyfi er forsenda fyrir dvalarleyfi. Vinnumálastofnun getur því ekki veitt atvinnuleyfi nema útlendingaeftirlit hafi veitt dvalarleyfi og útlendingaeftirlit veitir ekki dvalarleyfi nema viðkomandi fái atvinnuleyfi. Verður því hvor stofnun fyrir sig að tryggja sér að hin stofnunin sjái ekkert því til fyrirstöðu að viðkomandi fái að dvelja hér á landi eða fái að vinna fyrir sér ef hann fái að dvelja hér á landi. Framangreindur ferill getur tekið allt að þrjá mánuði og er það með ólíkindum að ekki virðist vera vilji fyrir því á Alþingi að leita hagkvæmari lausna í þessum efnum.

4.5 KJARARANNSÓKNARNEFND

Kjararannsóknarnefnd er skipuð sex fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, þremur frá Samtökum atvinnulífsins og þremur frá ASÍ. Rekstur skrifstofu nefndarinnar er fjármagnaður af atvinnuleysistryggingasjóði, samkvæmt bráðabirgðaákvæði við lög um Atvinnuleysistryggingar nr. 12 frá 1997. Í fjárlögum ársins 2001 var framlag til Kjararannsóknarnefndar 27 milljónir króna. Meg-

inmarkmið með starfseminni er að standa að gerð áreiðanlegra hagtalna sem lýsa greiddum launum og launakostnaði á íslenskum vinnumarkaði ásamt breytingum á þeim. Hefur nefndin staðið að gerð launakannana í ríflega þrjá áratugi. Hjá Kjararannsóknarnefnd eru átta starfsmenn.

Launakannanir Kjararannsóknarnefndar eru unnar í samstarfi við Hagstofu Íslands. Enn sem komið er nær úrtak Kjararannsóknarnefndar þó aðeins til hluta vinnumarkaðarins. Upplýsingarnar eru fjölbreyttar og uppfylla alþjóðlega viðurkennda staðla. Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög eru valin af handahófi úr launagreiðendaskrá ríkisskattstjóra en stærstu fyrirtækin í hverri atvinnugrein koma þó sjálfvalin inn.

Verið er að víkka úrtakið þannig að launakannanir nái til fyrirtækja sem t.d. starfa við útgáfueða fjármálastarfsemi og við útgerð, auk stofnana á opinberum vinnumarkaði. Frumvinnsla á gögnum – þar með talið gæðaeftirlit og leiðréttingar – fer alfarið fram hjá Kjararannsóknarnefnd. Umfang launakannananna eykst sífellt, enda gerðar á vinnumarkaði sem tekur örum breytingum.

Kjararannsóknarnefnd gefur ársfjórðungslega út niðurstöður launakannana sinna. Þær eru birtar í fréttabréfum nefndarinnar og á heimasíðu hennar, www.kjara.is.

4.6 NEFNDIR OG RÁÐ

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs

Aðalm. Jón H. Magnússon, SA
Aðalm. Erna Hauksdóttir, SAF
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam. Ragnar Árnason, SA
Varam. Kristín Jónsdóttir, SA

Ábyrgðasjóður launa

Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam. Jón H. Magnússon, SA

Stjórn Vinnumálastofnunar

Aðalm. Jón H. Magnússon, SA
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA

Svæðisráð vinnumiðlana

SA skipar þrjá aðalmenn og varamenn þeirra í átta svæðisráð á landinu.

Úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta

SA skipar tvo aðalmenn og varamenn þeirra í níu úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta á landinu.

Stjórn Kjararannsóknarnefndar

Sjá 1. kafla ársskýrslunnar.



JAFNRÉTTISMÁL

5.1 JAFNRÉTTISSTARF SA

Jafnréttishópur Samtaka atvinnulífsins er skrifstofu samtakanna til ráðgjafa í málaflökknum. Hann hefur á starfsárinu m.a. fjallað um umsóknir sem borist hafa samtökunum um þátttöku í jafnréttisverkefnum. Síðastliðið haust gerðu SA könnun meðal aðildarfyrirtækja samtakanna til að fá upplýsingar um það hvort fyrirtæki hefðu gert jafnréttisáætlanir, eins og skylt er samkvæmt jafnréttislögum séu starfsmenn 25 eða fleiri. Mörg fyrirtæki reyndust vera að vinna að jafnréttisáætlun eða að setja jafnréttismarkmið í starfsmannastefnu sína. Mikill munur var þó á milli stærri fyrirtækja og þeirra minni, en fá þeirra síðarnefndu höfðu hafið slíka vinnu. Þá komu fram óskir um að fá frekari upplýsingar og dæmi um jafnréttisáætlanir. Leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana voru settar á vef SA, en þar er auk þess að finna dæmi eða fyrirmyndir að því hvernig gera megir jafnréttisáætlun. Þá var í febrúar haldið námskeið fyrir aðildarfyrirtæki SA þar sem fjallað var um gerð slíkra áætlana og sýnd dæmi. Námskeiðið var mjög vel sótt.



5.2 JAFNRÉTTISRÁÐ

Meginverkefni Jafnréttisráðs er að vinna að jafnrétti karla og kvenna á vinnumarkaði og gefa ráð um það efni. Á vegum ráðsins var tekið saman yfirlit um kannanir á launamun frá upphafi og má finna það á heimasíðu Jafnréttisstofu, www.jafnretti.is. Munur á tekjum karla og kvenna hefur minnkað undanfarin ár, en er þó enn mikill. Um þessar mundir er verið að kanna launamun og ástæður hans í samvinnu við Nefnd um efna- hagsleg völd kvenna. Notuð eru gögn frá Kjara- rannsóknarnefnd og Hagstofu og er niðurstaðna að vænta bráðlega. Unnið er að fleiri rannsóknar-

verkefnum með Rannsóknarstofu í kvenna- fræðum og Jafnréttisstofu. Á árinu veitti Jafnréttisráð að vanda viðurkenningu fyrir störf að jafnréttismálum í samráði við félagsmálaráðherra. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hlaut verðlaunin að þessu sinni.

5.3 KÆRUNEFND JAFNRÉTTIS- MÁLA

Nefndin gaf álit í þremur málum á árinu. Tvö mál- anna fjölluðu um launamun. Í öðru tilvikinu var fjallað um mun á kjörum fræðslustjóra sem er karl og félagsmálastjóra sama bæjarfélags sem er kona. Álit kærunefndar var að mismunur á föstum launum, yfirvinnu- og akstursgreiðslum hafi ekki verið réttlættur og teldist því fela í sér óheimila mismunun. Í hinu tilvikinu bar kona sem starfaði á skólaskrifstofu sem sálfræðingur sig saman við karla sem gegndu störfum kennslufulltrúa. Þótti umrædd skólaskrifstofa ekki hafa sýnt nægjan- lega fram á að sá munur sem var á launum þeirra skýrðist af því að störf þeirra væru ekki sambæri- leg og jafnverðmæt, né að þeir karlar sem gegndu stöðu kennslufulltrúa hafi verið verðmæt- ari starfsmenn en konan. Yrði því að líta svo á að kynferði hafi ráðið þessum mun. Í þriðja málinu sem varðaði uppsögn starfsmanns vísaði kær- nefndin m.a. til þess að fyrirtækinu hafi borið að hafa hlutfall kynja í viðkomandi störfum í huga þegar ákveðið var hverjir skyldu gegna þeim í framtíðinni.



LÍFEYRISSJÓÐIR

6.1 STAÐA LÍFEYRISSJÓÐANNA

Lífeyrissjóðakerfið hefur eflst mjög á undanförnum árum og eiga nær allir starfandi menn aðild að því. Ávöxtun sjóða hefur almennt verið mjög góð þótt síðustu tvö ár hafi verið mögur. Raunávöxtun hefur á síðustu fimm árum verið á bilinu 5-6% að meðaltali hjá flestum sjóðanna. Heildareignir lífeyrissjóðanna námu um síðustu áramót tæpum 648 milljörðum króna. Þar af námu erlendar eignir sjóðanna 21,2%, sem er hlutfallsleg lækun frá fyrra ári. Heildareignir sjóðanna jukust um 81.853 m.kr. milli ára eða um 14,5%. Fjárhagsstaða lífeyrissjóðakerfisins er traust og góð staða margra sjóða gagnvart skuldbindingum sínum hefur gert þeim kleift að auka lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Felast í því verulegar kjarabætur.

Samtök atvinnulífsins telja að vel hafi tekist til við löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem samþykkt voru á Alþingi 1997. Lögin sem tóku gildi 1. júlí 1998 hafa stuðlað að viðtækri sátt í þjóðfélaginu um þessi mikilvægu málefni sem í nútíð og framtíð munu skipta miklu máli fyrir alla landsmenn. Sú fækkun lífeyrissjóða sem orðið hefur á undanförnum árum og meiri áhættudreifing munu draga úr mögulegum sambýlisvandamálum jafnar og aldurstengdrar ávinnsu lífeyrisréttinda. Stjórnir smærri lífeyrissjóða þurfa áfram að leita allra leiða til að stækka sjóðina og sameinast öðrum. Einnig hlýtur að koma til greina að hækka lágmarksfjölda sjóðfélaga í hverjum lífeyrissjóði.

Uppbygging lífeyrissjóða á samningssviði Samtaka atvinnulífsins felur í sér mikilsverðan árangur af samstarfi atvinnulífs og launþegahreyfingar. Íslenska lífeyrissjóðakerfið er talið afar hagkvæmt í alþjóðlegum samanburði og hefur það leyst sín viðfangsefni á hagstæðan hátt fyrir þjóðfélagið. Á næstu árum verður tímabært að ræða frekari samþættingu lífeyrissjóðakerfis og almannatryggingakerfis með frekari hagræðingu í huga.

6.2 AUKINN SÉREIGNA-SPARNAÐUR


Samkvæmt flestum samningum á almennum vinnumarkaði greiðir vinnuveitandi nú 2% framlag gegn 2% séreignarsparnaði starfsmanns, en frá 1. júlí greiðir vinnuveitandi eitt prósent af launum óháð sparnaði starfsmanns, ef svokallað „rautt strik“ heldur í maí og ekki kemur til uppsagnar launaliðs kjarasamninga. Skattafrestun vegna séreignarsparnaðar nemur nú allt að 4% af launa-

stofni og til viðbótar koma 0,4% frá vinnuveitanda, sem síðan dragast frá tryggingargjaldi. Fólki gefst því orðið hagstæður möguleiki til viðbótarsparnaðar í séreignarsjóði sem nemur samtals 6,4% af launum, þar af 4% eigið framlag sem nýtur skattfrestunar. Er ástæða til að fagna sérstaklega auknum heimildum til skattfrestunar vegna lífeyrissparnaðar. Þar sem þessi sparnaður rennur allur til að greiða lífeyri getur hann hækkað útgreiddan lífeyri til lífeyrisþegans verulega. Markmið kjarasamninganna um að ýta undir sparnað og efla séreignarsparnað sem þriðju stoð lífeyriskerfisins virðist ganga vel eftir. Þegar fram líða stundir á þetta hlutfall að fara langt með að tryggja kjör hliðstæð við þau sem launamenn nutu lengst af á starfsævi sinni.



6.3 RÝMKAÐAR HEIMILDIR TIL FJÁRFESTINGA

Heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í hlutabréfum voru fyrir tveimur árum auknar úr 35% í 50% af hreinni eign sjóðanna og heimildir til fjárfestinga í erlendum gjaldmiðlum voru auknar úr 40% í 50%. Þessi rýmkun er jákvætt skref og frekari þróun þarf að koma til á næstu árum. Lífeyriskerfið vex með slíkum hraða að það myndi ýta undir þenslu innanlands ef fjárfestingar sjóðanna takmörkuðust eingöngu við Ísland. Aukin erlend eign lífeyrissjóða stuðlar almennt að áhættudreifingu og sveiflujöfnun í íslensku hagkerfi. Lífeyrissjóðirnir verða hins vegar stærðar sinnar vegna á íslenskum fjármagnsmarkaði að taka tillit til heildarhagsmuna við fjárfestingarákvarðanir sínar. Erlend verðbréf í eigu lífeyrissjóðanna námu alls 137.597 m.kr. í árslok 2001, sem nemur 21,2% af heildareignum eins og áður segir. Í árslok 2000 námu erlendar eignir sjóðanna hins vegar



Heimild: Fjármálaeftirlitið



127.991 m.kr. eða 22,6% af heildareignunum. Í krónutölu nam aukningin á erlendum eignum sjóðanna 7,5%, miðað við 30,5% aukningu milli ára 1999 og 2000. Um raunverulega lækkun var hins vegar að ræða vegna veikingar á stöðu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á síðasta ári.

6.4 LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA

Sérstaka athygli vekur mikil aukning sjóðfélagálána í lífeyrissjóðakerfinu, en þau voru 73.599 m.kr. í árslok 2001 miðað við 55.942 m.kr. í árslok 2000. Aukningin nam um 31,6%. Umtalsverð aukning var líka á milli ára 1999 og 2000 eða úr 44.462 m.kr. í 55.942 m.kr. eða um 25,8%.



6.5 SKIPAN Í STJÓRNIR LÍFEYRISJÓÐA

Aðalmenn í stjórnum lífeyrissjóða tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins eru:

Lífeyrissjóðurinn Framsýn

Bjarni Lúðvíksson
Helgi Magnússon
Hjörleifur Kvaran
Pórarinn V. Pórarinnsson

Lífeyrissjóðurinn Lífið

Sveinn P. Jónsson
Arnbjörn Óskarsson
Tryggvi Guðmundsson

Lífeyrissjóður sjómanna

Höskuldur Ólafsson
Ásgeir Valdimarsson

Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Porgeir Jósefsson
Friðrik Andrésson
Örn Jóhannsson

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Víglundur Þorsteinsson
Kolbeinn Kristinsson

Lífeyrissjóður Vesturlands

Pórir Páll Guðjónsson
Rakel Olsen
Stefán Reynir Kristinsson

Lífeyrissjóður Bolungarvíkur

Einar Jónatanarson
Agnar Ebenesersson
Jón G. Guðmundsson

Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Kristján G. Jóhannsson
Einar Valur Kristjánsson

Lífeyrissjóður Norðurlands

Jón E. Friðriksson
Eiríkur S. Jóhannesson
Björn Sigurðsson
Kristján Þór Júlíusson

Lífeyrissjóður Austurlands

Eiríkur Ólafsson
Magnús Bjarnason

Lífeyrissjóður Rangæinga

Ragnar Pálsson
Guðmundur Svavarsson

Lífeyrissjóður Suðurlands

Örn Grétarsson
Einar Sigurðsson

Lífeyrissjóður Suðurnesja

Stefán Friðfinnsson
Karl Njálsson
Eðvarð Júlíusson

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Arnar Sigurmundsson
Hörður Óskarsson
Magnús Kristinsson



UMHVERFISMÁL

7.1 VINNUVERNDARMÁL

Heilsuvernd starfsfólks

Nefnd á vegum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins skipuð fulltrúum atvinnulífsins úr stjórninni hefur um árabil unnið að tillögum um heilsuvernd starfsfólks í þeim tilgangi að hringa ákvæðum 11. kafla vinnuverndarlaganna í framkvæmd. Nefndin skilaði skýrslu með tillögum sínum í júlí 1999. Um þessar mundir liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á vinnuverndarlögunum, lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem mælt er fyrir um heilsuvernd starfsmanna. Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé skriflegt mat um áhættu í störfum. Þegar það liggur fyrir skal atvinnurekandi gera skriflega áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna á vinnustað. Áhættumatið og áætlun um forvarnir skulu taka til þeirra þátta í vinnuumhverfinu sem skapað geta hættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna. Mæta skal áhættunni með skipulagi vinnunnar, fræðslu, þjálfun, vali á tækjum, efnum eða efnaþöndum, notkun öryggis- og hlífðarbúnaðar, innréttingum á vinnustað eða öðrum forvörnum.

Ef áhættumat, áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsfólks á vinnustað krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsfólk hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandinn leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila sem hlotið hafa viðurkenningu Vinnueftirlitsins til þeirra starfa.

Vinnuverndarstofnun ESB

Sóttur var fundur hjá Vinnuverndarstofnun ESB í Bilbao á Spáni dagana 11. og 12. nóvember 2001. Fundurinn var ætlaður fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í EFTA ríkjnum til að kynna sér starfsemi stofnunarinnar sem rekin er á vegum ESB. Frá Íslandi sóttu fundinn fulltrúi stjórnvalda, atvinnurekenda og launþega úr stjórn Vinnueftirlits ríkisins. Reglugerð um stofnunina var samþykkt 1994 og hún tók til starfa 1996. Kjarni starfsins er upplýsingamiðlun um aðferðir til að auka vinnuvernd, veita yfirlit yfir rannsóknarstarfsemi og varpa ljósi á efnahagslega þætti tengda vinnuvernd. Munurinn á Bilbao stofnuninni og Dublin Foundation er sá, að sú fyrirnefnda miðlar upplýsingum en sú síðarnefnda stundar rannsóknir.

7.2 UMHVERFISMÁL

Stenúr

Á vegum umhverfisráðuneytis starfar starfshópur um endurnýtingu úrgangs, Stenúr. Þessum starfshópi er m.a. ætlað að koma með tillögum um leiðir til að endurnýta úrgang og hvernig beita megi hagrænum hvötum til að auka endurnýtingu úrgangs og draga úr förgun hans. Ákveðið var að beita

þeim hagrænu hvötum sem lögfestir hafa verið við söfnun, endurvinnslu, endurnýtingu og förgun spilliefna og einnota drykkjavöruumbúða. Vorið 2001 var samið frumvarp til laga sem tók á tilteknum umbúðum, hjólbörðum og aflögðum ökutækjum. Hér var um rammalöggjöf að ræða og ætlunin að bæta inn í ramma laganna fleiri úrgangsflokkum þegar fram í sækki. Til tals hefur komið að taka á rafföngum og rafeindatækjum, enda tilskipana frá ESB að vænta innan tíðar sem leggja ákveðnar skyldur á stjórnvöld í þeim efnum.

Ráðherra mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi og var málið sett í nefnd. Að ósk fjármálaráðuneytis var málið tekið af dagskrá umhverfisnefndar Alþingis. Sameiginleg nefnd fjármálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis og fulltrúa atvinnurekenda fjalla nú um málið og er fyrirhugað að leggja nýtt frumvarp fyrir Alþingi haustið 2002.

7.3 MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

Spilliefnanefnd

Spilliefnanefnd heldur enn áfram störfum. Þrátt fyrir að lokið sé við álagningu spilliefnagjalds á þá vöruflokka sem lögin um spilliefnagjald taka til þá rísa sífellt upp ný og óvænt vandamál við útfærslu kerfisins. Tilkoma spilliefnagjalds gerir það að verkum að vörum, sem verða að spilliefnum og mynda gjaldstofn spilliefnagjaldsins, fækkar sífellt á markaði meðan skil spilliefna aukast stöðugt. Þetta gerir það að verkum að tekjur minnka meðan gjöld aukast. Þess má einnig geta að þegar nánar er að gáð fer úrgangur frá vöru sem ekki er gjaldskyld í þá úrgangsstrauma sem spilliefnanefnd greiðir förgun á. Undanfarið hefur einnig verið unnið að því að finna ódýrari förgunarleiðir fyrir spilliefni hér innanlands til að komast hjá því að flytja spilliefnin til útlanda til förgunar með ærnum tilkostnaði.

7.4 ÚRSÖGN SA ÚR LANDVERND

Í desember var tilkynnt um úrsögn Samtaka atvinnulífsins úr Landvernd, frá og með 1. janúar 2002. „Samtök atvinnulífsins geta ekki starfað með samtökum sem taka jafn einhliða afstöðu gegn nýtingu orkulinda landsins, eins og fram hefur komið að undanförmu,“ segir m.a. í bréfi SA til formanns Landverndar.

7.5 ERLEND SAMSKIPTI

Í 9. kafla ársskýrslunnar er fjallað um reglubundin erlend samskipti SA á sviði umhverfismála.

7.6 NEFNDIR

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er að finna skrá yfir nefndir og ráð á sviði umhverfismála sem SA á aðild að.



ALÞINGI OG DÓMSTÓLAR



8.1 UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Samtök atvinnulífsins gefa Alþingi umsögn um margvísleg þingmál. Á síðastliðnu starfsári komu til umsagnar frumvörp til laga um (feitletrun þýðir að SA hafi sent inn umsögn):

- hvalveiðar
- fullvinnslu botnfiskaflla um borð í veiðiskipum
- **Þjóðhagsstofnun**
- alþjóðleg viðskiptafélög
- gjaldþrotaskipti o.fl.
- vörur unnar úr eðalmálmum
- **réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum**
- áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutninga-skipa
- líftækniðnað
- lyfjalög
- **aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnu-stöðum**
- **skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starf-semi lífeyrissjóða**
- **eiturefni og hættuleg efni**
- tryggingagjald o.fl.
- samkeppnislög, ríkisaðstoð
- **sjómannalög**
- **einkahlutafélög (hlutafé í erlendum gjaldmiðli)**
- **hlutafélög (hlutafé í erlendum gjaldmiðli)**
- stjórn fiskveiða
- **Vísinda- og tækniráð**
- **opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins**
- **opinberan stuðning við vísindarannsóknir**
- **verndun hafs og stranda**
- eldi og heilbrigði sláturdýra
- hafnarlög
- verðbréfavíðskipti, innherjavíðskipti

- **rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu**
- **rafeyrisfyrirtæki**
- **einkaleyfi**
- **útlendinga**
- eldi nytjastofna sjávar
- geislavarnir, heildarlög
- almannatryggingar
- bindandi álit í skattamálum
- virðisaukaskatt
- **bókhald, ársreikninga og tekjuskatt og eignarskatt**
- vatnsveitur sveitarfélaga
- **samgönguáætlun**
- **лагаákvæði er varða samgönguáætlun**
- **útvarpslög**
- fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi
- **atvinnuréttindi útlendinga**
- húsaleigubætur
- umgengni um nytjastofna sjávar
- loftferðir
- skipan opinberra framkvæmda
- greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- brunatryggingar
- **Lífeyrissjóð sjómanna**
- lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda
- pósthjónustu
- **leigubifreiðar**
- samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga
- rafræna eignarskráningu verðbréfa
- **tekjuskatt og eignarskatt o.fl.**
- eignarrétt og afnotarétt fasteigna
- iðnaðarlög
- fjarskipti
- málefni aldraðra

Einnig komu til umsagnar samtakanna þingsályktunartillögur um:

- úttekt á umfangi skattsvika, skattsnigöngu og dulinni efnahagsstarfsemi
- eflingu ferðaþjónustu á norðausturhorni Íslands
- tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu
- stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005
- talsmann útlendinga á Íslandi
- þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls
- aukaping Alþingis um byggðamál
- **aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipa-iðnaði**

Umsagnir SA um þingmál á vefnum

Allar umsagnir SA um þingmál eru birtar á vef samtakanna. Þar er hægt að sjá umsagnarferlið allt; hvenær mál barst samtökunum, hver sé ábyrgðarmaður málsins og hvenær það sé afgreitt. Þá eru umsagnirnar birtar í heild sinni á vefnum: www.sa.is

- vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni
- aukið samstarf fagstétta í heilsugæslubjónustu
- skipulagða áfallahjálpi innan sveitarfélaga þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum
- rannsóknir á þorskeldi
- tryggingarskilmála váttryggingafélaga
- **sérstakt átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni**
- fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu
- **persónuafslátt barna**

Upplýsingar miðast við 17. apríl.

8.2 LÖGGJÖF SEM SNÝR AÐ ATVINNULÍFINU

Sérstakt áhættumat á vinnustað – breytingar á vinnuverndarlögum

Þegar þetta er ritað er til lokaafgreiðslu á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605. mál.

Með lagabreytingunum verða lögfestar reglur í rammatilskipun ESB um öryggi og heilsu starfsmanna sem fela m.a. í sér reglur um sérstakt öryggis- og áhættumat á störfum. Athugasemdir höfðu komið frá Eftirlitsstofnun EFTA um að rammatilskipun hefði ekki verið tekin upp í íslensk vinnuverndarlög með fullnægjandi hætti. Vinnuveitendum verður skylt að framkvæma sérstakt áhættu- og öryggismat á öllum vinnustöðum, sem falla undir gildissvið vinnuverndarlaga. Í reglugerð verða settar nánari reglur um framkvæmd þessa mats, m.a. með hliðsjón af eðli og stærð fyrirtækja og starfseminnar. Einnig er lagt til í breytingatillögum að efnisreglur vinnutímatilskipunar ESB verði teknar upp í löginn og að eftirlit með hvíldar- og vinnutíma sæti þar með reglum vinnuverndarlaga. Vinnutímareglurnar hafa áður verið innleiddar í íslenskan rétt með samningum aðila vinnumarkaðar, sbr. auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda, nr. 285/1997.

Aðilaskipti að fyrirtækjum – heildarendurskoðun

Þegar þetta er ritað er einnig til lokaafgreiðslu frumvarp til laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, 629. mál, EES-reglur.

Tilgangur lagasetningarinnar er að leiða í lög efnisreglur tilskipunar nr. 2001/23/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum auk þess sem frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á núgildandi lögum nr. 77/1993.

Lög um kjaramál fiskimanna og fleira

Þann 16. maí 2001 samþykkti Alþingi lög 34/2001, þar sem verkföll sjómanna og verkbönn útgerðarmanna voru bönnuð og gerðardómi skipuðum af Hæstarétti var falið að úrskurða um kjör sjómanna næðu aðilar ekki samkomulagi fyrir 1. júní 2001. *Frekari umfjöllun um lagasetninguna er að finna í 3. kafla ársskýrslunnar og um dómsmál sem í kjölfar hennar risu síðar í þessum kafla.*


Breytingar á skattalögum – lækkan tekju- og eignarskatts

Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar viðamiklar breytingar á skattlagningu fyrirtækja. Með breytingum var höfð hliðsjón af alþjóðlegri þróun skattalöggjafar með það að markmiði að skapa á Íslandi áhugavert og samkeppnishæft rekstrarumhverfi. Fyrir þessar breytingar var skattalegt umhverfi íslenskra fyrirtækja óhagstætt í alþjóðlegum samanburði. Meginbreytingarnar felast í aðtekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 30% í 18%. Þess er vænst að þessi lækkan örvi efnahagslífið og muni stuðla að auknum hagvexti og stækkun skattstofna í framtíðinni.

Í öðru lagi er eignarskattur lækkaður úr 1,2% af stofni í 0,6% og sérstakur eignarskattur aflagður. Eignarskattar hafa farið ört vaxandi síðastliðið ár í kjölfar batnandi eiginjárstöðu fyrirtækja. Skattarnir eru mjög íþyngjandi og ósanngjarnir og þekkjast vart í öðrum löndum. Breytingin er því skref í átt að afnámi eignarskatta.

Í þriðja lagi er verðbólguleiðrétting í skattskilum fyrirtækja afnumin. Afnáam verðbólguleiðréttinga er byggt á tillögum nefndar um verðbólguþróun sem fylgdu frumvarpinu í fylgiskjali, en hún lagði til að öll ákvæði laganna um leiðréttingar fyrir áhrifum verðlagsbreytinga yrðu felld niður. Nefndin tók þó fram að huga þyrfti að breytingum á lögum sem dregið gætu úr áhrifum niðurfellingarinnar, þ.m.t. reglur um söluhagnað, fyrningarreglur og niðurfærslu á birgðum. Áhrif niðurfellingarinnar eru mjög mismunandi eftir atvinnugreinum og fyrirtækjum og um margar leiðir að ræða til að draga úr áhrifunum. Nauðsynlegt er að skoða þessa þætti vandlega og móta tillögur sem staðið geta til frambúðar. Ef það





verður ekki gert mun verðbólga leiða til þess að skattgreiðslur fyrirtækja fari sívaxandi.

Í fjórða lagi er með lögunum ákveðin hækkun tryggingagjalds úr 5,23% í 6,0% eða um 0,77%. Með samkomulagi SA, ASÍ og ríkisstjórnarinnar í desember var ákveðið að gjaldið skyldi hækkað minna, eða um 0,5% og þannig í 5,73%. Tekur breyting gildi 1. janúar 2003.

Breytingar á skattalöggjöfinni voru helsta baráttumál Samtaka atvinnulífsins á síðastliðnu starfsári og var sérstök skýrsla unnin um málaflokkinn fyrir aðalfund samtakanna í maí 2001. Flestar ofangreindar breytingar koma til móts við óskir SA, en samtökin fjölluðu ekki um tryggingagjaldið í sinni skýrslu. Í 12. kafla ársskýrslunnar er fjallað um helstu áherslur SA í skattamálum, eins og þær voru kynntar á aðalfundi 2001.



Ríkisábyrgð vegna bótaábyrgðar flugrekenda

Þann 18. október 2001 samþykkti Alþingi lög nr. 120/2001 sem heimiluðu ríkissjóði tímabundið til ársloka 2001 að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðar- aðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika. Þessi lög voru nauðsynleg vegna uppsagnar tryggingarfélaganna á ábyrgðartryggingum flugfélaga í kjölfar hryðjuverkanna þann 11. september 2001. Lögin voru framlengd með lögum nr. 5/2002 til 10. apríl 2002.

Heimild til að færa bókhald og ársreikninga fyrirtækja í erlendum gjaldmiðli

Með lögum um breytingar á lögum um bókhald, lögum um ársreikninga fyrirtækja og lögum um tekju- og eignarskatt, sem samþykkt voru þann 4. apríl síðastliðinn, var fyrirtækjum veitt heimild, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, til þess að færa bókhald sitt og ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, t.d. evrum. Með þessu verður fjárhagslegur samburður við erlenda keppinauta auðveldari og aðgangur erlendra fjárfesta og lánastofnana að viðurkenndum upplýsingum batnar. Auðveldara verður einnig fyrir erlendar fyrirtækjasamstæður að reka dótturfélög hér landi og fyrir íslensk móðurfélög að reka fyrirtæki erlendis. Skattstofnar fyrirtækja með skattskyldu hér á landi verða áfram tilteknir í íslenskum krónum.

8.3 DÓMSMÁL

Túlkun og gildi laga á útvegsmenn / sjómenn

Í kjölfar kjaradeilu útvegsmanna og sjómanna risu deilur um túlkun og gildi laga nr. 34/2001, frá 16. maí 2001, sem bönnuðu verkföll sjómanna og verkbönn útvegsmanna og fólu gerðardómi að úrskurða um kjör sjómanna. Ekki er séð fyrir endann á þeim málaferlum.

1) ASÍ höfðaði í eigin nafni dómssmál gegn íslenska ríkinu þann 5. júní 2001 og krafðist þess að lögin tækju ekki til ákveðinna stéttarfélaganna sem ekki höfðu boðað verkfall, og að lögin yrðu dæmd óskuldbindandi og ólögmat vegna annarra stéttarfélaganna, sem boðuðu verkfall, þar sem þau brytu gegn samnings- og verkfallsrétti þeirra. Héraðsdómur tók kröfugerðina til efnismeðferðar, þrátt fyrir frávisunarkröfu stefnda, en sýknaði ríkið þar sem lögin væru hvorki í andstöðu við stjórnarskrárákvæði um félagaþrengi né alþjóðasáttmála. Með dómi Hæstaréttar frá 25. október 2001 (mál nr. 277/2001) var málinu hins vegar vísað frá héraðsdómi, þar sem kröfugerð ASÍ hefði verið í andstöðu við málssóknarumboð sambandsins sem heildarsamtaka skv. 1. og 3. mgr. 25. gr. réttarfarslaga. Taldi dómurinn að ekki væri unnt með skýringu á kröfugerð ASÍ að færa hana í lögmatan búning, vegna þess að málinu var einungis beint gegn ríkinu en ekki þeim vinnuveitendum eða samtökum þeirra, sem dómkröfur í málinu myndu varða. Þá var kröfugerð ASÍ, eins og hún var orðuð, ekki talin beinast að ákveðnu sakarefni, heldur fela það eitt í sér, andstætt ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, að leitað væri lögfræðilegrar álitsgerðar dómstóla.

2) ASÍ höfðaði nýtt mál gegn íslenska ríkinu og nú einnig gegn SA með breyttri kröfugerð þann 8. nóvember 2001. Krafist var viðurkenningar á því að ákvörðun gerðardóms skv. lögum 34/2001 ráði ekki kjörum fiskimanna í aðildarfélagum Sjómannasambands Íslands (SSÍ). Dómur gekk í málinu þann 21. mars 2002 (mál nr. E-11357/2001). Ríkið og SA voru sýknuð af aðal-kröfu ASÍ en fallist var á þann skilning á lögunum að þau giltu ekki þar sem verkföll eða verkbönn höfðu ekki verið boðuð, þ.e. á Snæfellsnesi. ASÍ hefur áfrýjað dóminum til Hæstaréttar.

3) Á sama tíma og ASÍ krafðist þess fyrir almennum dómstólum að lög nr. 34/2001 og gerðardómur á grundvelli þeirra yrðu dæmd ólögmat í heild sinni og ekki skuldbindandi, höfðaði ASÍ mál fyrir Félagsdómi f.h. SSÍ vegna aðildarfélaganna þess gegn SA f.h. LÍÚ. Málið var höfðað

vegna ágreinings um skilning og túlkun á úrskurði gerðardóms skv. lögum 34/2001 um viðbótar-skiptakjaraákvæði (skiptatöflur) í fjórum flokkum veiða undir yfirskriftinni „Ný viðmið í mönnun“. Deilt var um það hvort skiptakjaraákvæði síðast-gildandi kjarasamnings hefðu verið felld niður og ný tekið við eins og SSÍ hélt fram. Þessum skilningi var hafnað af Félagsdómi þann 10. desember 2001 (mál nr. 19/2001). SA voru sýknuð af öllum kröfum í málinu með þeim rökstuðningi að með gerðardóminum hafi einungis verið sett ný og neðri viðmið, en ekki teknar upp nýjar skiptatöflur í kjarasamning aðila eins og felist í kröfum SSÍ.

4) SSÍ höfðaði sjálft mál gegn LÍÚ, sem þingfest var 30. okt. 2001. Í málinu er þess krafist að tilgreindir liðir í úrskurðarorði gerðardóms skv. 2. gr. laga nr. 34/2001, um breytingar á kjarasamningi stefnanda og stefnda skuli vera ógildir og ekki skuldbindandi fyrir stefnanda og félagsmenn SSÍ. Ekki er þannig krafist ógildingar á niðurstöðu gerðardómsins í heild sinni, heldur einungis á þeim ákvæðum sem SSÍ telur vera sér óhagstæð í gerðardóminum. Efnislega snýst málið um ógildingu á vinnustaðasamningum sem nokkrar útgerðir hafa gert við áhafnir skipa vegna nýrrar tækni og veiðiskipa með stoð í fyrrnefndum heimildarákvæðum skv. gerðardóminum.

Verkbann dæmt ólögmaett

Þann 12. nóvember 2001 dæmdi meirihluti Félagsdóms (mál nr. 14/2001) að verkban Útvegsmannafélags Vestfjarða, sem hófst þann 24. mars 2001, á félagsmenn í nokkrum sjómannafélögum innan Alþýðusambands Vestfjarða (ASV), hefði verið ólögmaett. Um það var deilt hvort samningaviðræður eða viðræðutilraunir fyrir milligöngu sáttasemjara hefðu átt sér stað, áður en atkvæðagreiðsla um verkbaníð átti sér stað, eins og skylt er skv. 3. mgr. 15. gr. laga 80/1938. Meirihluti dómsins taldi að engar formlegar viðræður hefðu átt sér stað milli deiluaðila og dæmdi verkbaníð ólögmaett. Dómurinn tók ekkert tillit til þess að haldinn hafði verið samningafundur aðila hjá sáttasemjara þann 28. febrúar sama ár þar sem bókað var að báðir aðilar héldu fast við kröfur sínar.

Lögmæti munnlegra uppsagna

Þann 21. desember 2001 féll Félagsdómur í máli Flugfreyjufélags Íslands gegn SA (mál nr. 20/2001), þar sem deilt var um lögmæti munnlegra uppsagna, og hefur niðurstaðan almenna þýðingu á vinnumarkaði. Fyrirtækið þurfti að grípa til uppsagna starfsmanna í lok september 2001

vegna samdráttar í flugsamgöngum í kjölfar hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum. Hringt var til starfsmanna skömmu fyrir mánaðamótin og þeim tilkynnt munnlega um uppsögn og uppsagnirnar síðan staðfestar skriflega með bréfum sem bárust starfsmönnum eftir mánaðamótin. Flugfreyjufélagið taldi munnlega uppsögn ólögmaetta, því kjarasamningur félagsins kvað á um að uppsögn skyldi vera skrifleg. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að ákvæðið um skriflegar uppsagnir yrði ekki túlkað svo að viðurkennd og ótvíræð munnleg uppsögn geti ekki haft efnisleg réttaráhrif. Munnlegar uppsagnir fyrirtækisins voru því lögmætar.

Útgerðarfélag dæmt til greiðslu févítis

Með dómi Félagsdóms þann 8. apríl 2002 (mál nr. 15/2001) var útgerðarfélagið B dæmt til greiðslu févítis, kr. 311.000, til félagssjóðs Vélstjórafélags Íslands. Málsatvik voru þau að útgerðarfélagið B hafði leigt skip til útgerðarfélagsins BE (stofnað 28. febrúar 2001) með leigusamningi dags. 1 mars 2001. BE hélt skipinu áfram til veiða þrátt fyrir verkfall sem hófst þann 15. mars 2001. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að leigusamningurinn hefði verið gerður til málamynda enda væru veruleg eigna- og stjórnunartengsl milli útgerðarfélaganna tveggja. Auk þess sem leigusamningurinn hafi verið gerður skömmu fyrir verkfallið og efnisatriði hans verulega frábrugðin því sem almennt gerist í slíkum samningum, t.d. um leigugjald. Málinu hefði því verið réttilega stefnt gegn B og sýknukröfu vegna aðildarskorts því hafnað.

Sannað var að skipið hafði ekki haldið til hafnar áður en verkfall hófst eins og skýr fyrirmaeli væru um skv. gr. 1.50 í kjarasamningi vélstjóra. Útgerðarfélagið hefði því brotið gegn fyrirmælum þessarar greinar. Dómurinn hafnaði hins vegar háum févítiskröfum, samanlagt kr. 3.732.000 vegna fjölmargra verkfallsbrota/samningsbrota eftir að verkfallið hófst með þeim rökstuðningi að krafan væri einungis byggð á 2. mgr. en ekki öðrum ákvæðum gr. 1.50. Verknáðarlýsing þeirrar málsgreinar tæki aðeins til þess ef skip hætti ekki veiðum strax og verkfall tæki gildi. Það væri því ekki brot á því ákvæði að halda skipi til veiða eftir að verkfall væri hafið. Þá taldi dómurinn vinnu félagsbundinna vélstjóra í verkfallinu hafa verið augljóst brot gegn 18. gr. laga nr. 80/1938 og að frávikning vélstjóra sem neitaði að vinna í verkfallinu hefði verið brot gegn 4. gr. sömu laga. Öllum öðrum kröfum var hins vegar vísað frá eða þær felldar niður.





ALPJÓÐASTARF Á VEGUM SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

9.1 EFTA, EES, ESB

Samskipti EFTA og ESB á vettvangi EES hafa annars vegar einkenast af viðleitni EFTA til að aðlagja samninginn að þeirri þróun sem orðið hefur frá undirritun hans og hins vegar af viðræðum ESB við ný aðildarríki. Nú virðist ljóst að ekki verður hreyft við EES samningnum fyrr en stækkun ESB er í höfn. Þar til einhvers konar uppfærsla á sér stað verður framkvæmd á hluta af samningnum eða málaflokkum sem hann snertir óljós, sérstaklega tengsl nýrra viðfangsefna ESB við samninginn.

Sé lítið til samningsins eins og til hans var stofnað fyrir tíu árum má fullrða að hann hefur fyllilega skilað því sem ætlast var til. Hugsanleg vandamál tengjast síðan breytingum á samstarfi ESB ríkjanna sem samþykktar voru í Maastricht, Amsterdam og Nice, en samkvæmt texta samningsins eru þær breytingar utan gildissviðs hans. EFTA/EES ríkin hafa samt sem áður tekið nokkrar gerðir sem eiga rætur í þessum breytingum upp í samninginn. Takmörkuð samkvæmni virðist vera í því starfi sem óneitanlega skapar óvissu um hvað kemur til með að gilda og hvað ekki. Íslendingar hafa átt frumkvæði að viðræðum við ESB um mögulega uppfærslu EES samningsins. ESB hefur hafnað öllum hugmyndum um að endursenja um hluta samningsins eða semja um hugsanlegar viðbætur við hann, en sambandið hefur hins vegar lýst sig reiðubúið til að skoða möguleika á að aðlagja hann breyttum aðstæðum. Hverjar breytingar sem gerðar verða á EES samningnum verður að staðfesta fyrir þjóðþingum allra aðildarríkja samningsins sem útilokar slíka samninga í nánustu framtíð.

9.2 RÁÐGJAFARNEFNDIR EFTA OG EES

Samtök atvinnulífsins eiga tvo fulltrúa í ráðgjafarnefnd EFTA og einn í ráðgjafarnefnd EES sem er sameiginleg nefnd EFTA og Efnahags- og félags-

málanefndar ESB. Annar fulltrúi SA í ráðgjafarnefndinni er fulltrúi Samtaka iðnaðarins. Nefndin hefur það hlutverk að koma viðhorfum aðila vinnumarkaðar á framfæri innan EFTA. Í nefndinni sitja fulltrúar samtaka vinnuveitenda og launþegsa samtaka auk fulltrúa frá sveitarstjórnunum og verslunarráðum. Nefndin er tvískipt þar sem Sviss á aðild að ráðgjafarnefnd EFTA en eðli málsins samkvæmt ekki að EES hluta starfsins. Svisslendingar hafa hins vegar átt áheyrnaraðild að öllum fundum nefndarinnar og einnig nýlega á fundum EES nefndarinnar. Formaður ráðgjafarnefndarinnar er um þessar mundir Svisslendingur.

Nefndin heldur alla jafna þrjá fundi á ári, auk sameiginlegs fundar í EES nefndinni einu sinni á ári. Nefndin heldur reglulega fund með þeim ráðherra sem er í forsæti EFTA hverju sinni. Þá er árlegur fundur með fastanefnd EFTA í Brussel. Nefndin kemur viðhorfum sínum á framfæri með álitum sem annað hvort eru að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum t.d. fastanefndarinnar sem auglýsir þá eftir viðhorfum nefndarinnar til tiltekinna viðfangsefna.

Á liðnum misserum hefur nefndin m.a. ályktað um Lissabon áætlun ESB og möguleg tengsl hennar við EFTA/EES. Þá setti nefndin fram skoðun á stækkun ESB og áhrifum hennar á EES og jafnframt á framkvæmd samráðs aðila vinnumarkaðar innan ESB/EES. Að sjálfsögðu er nefndin ekki eins áberandi og hún var fyrir tíu árum síðan, þegar EES samningurinn var í burðarliðnum og aðildarríki EFTA fleiri. Samt sem áður hefur ekki dregið úr mikilvægi nefndarinnar á þessum tíma. Hún er nánast eina aðkoma Samtaka atvinnulífsins að Evrópumálum að frátaldrí aðild að hagsmunasamtökum á Evrópuvettvangi. Fulltrúar SA í nefndinni hafa lagt áherslu á að varðveita og tryggja sveigjanleika íslenska vinnumarkaðarins auk þess að fylgja eftir málum sem horfa til heilla fyrir bætt rekstrarumhverfi fyrir tækja. Skiljanlega eru innan nefndarinnar skiptar skoðanir um þetta efni, jafnvel á milli systursamtaka frá aðildarríkjunum fjórum. Þess gættir jafnvel að fulltrúar í nefndinni líti svo á að þeirra starf eigi að taka mið af væntanlegri aðild að ESB, en á slíkt viðhorf verður ekki fallist þar sem aðild að ESB er pólitísk ákvörðun og allsendis óviðkomandi starfi nefndarinnar.

9.3 UNICE – EVRÓPUSAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nýr framkvæmdastjóri UNICE var ráðinn frá 1. janúar 2002, Philippe de Buck sem áður var framkvæmdastjóri samtaka belgíska málmíðnað-



arins. Forstöðumaður Evrópuskrifstofu SA hefur sem áður m.a. sótt fundi fastafulltrúa aðildarsamtaka UNICE í Brussel. Nefnd fastafulltrúanna er undirnefnd framkvæmdastjórnar samtakanna en þar eiga sæti framkvæmdastjórar allra fullgildra aðildarsamtaka UNICE. Samstarf fastafulltrúanna hefur aukist á síðustu misserum, sérstaklega hvað varðar erindrekstur við Evrópuþingið og framhald Lissabon-áætlunar ESB. Hvorugt snertir hagsmuni íslensku samtakanna beint en við höfum þó fylgst náið með þessu starfi. Ríkisstjórn Íslands hefur í bréfi til spænska forsætisráðherrans (formanns leiðtogaráðs ESB) tekið undir markmiðin sem sett voru evrópsku atvinnulífi í Lissabon fyrir tveimur árum síðan, og ber því að fagna. Það starf sem unnið er innan UNICE hvað varðar tillögur sem koma fram innan ESB er íslensku samtökunum ómetanlegt og skapar þeim skilyrði eftir hentugleikum til að fylgjast með þróun og innihaldi tillagna frá því þær koma fram. Sem áður hefur samráð Norðurlandanna auk Sviss og Austurríkis haldið sínu striki.

9.4 SAMRÁÐ OG AÐILD AÐ EVRÓPSKUM SAMNINGUM

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu bauð UNICE samtökum evrópskra verkalyðsfélaga, ETUC, til viðræðna um samning um fjarvinnu, sem yrði þó ekki lagalega bindandi í þeim skilningi að efni hans yrði lögfest með tilskipun. Skömmu síðar óskaði framkvæmdastjórn ESB eftir afstöðu aðila til þess hvort þeir myndu hefja samninga um stöðu starfsmanna sem stunda vinnu utan starfsstöðvar vinnuveitanda. Fjarvinnuhugtakið er notað um slíka starfsmenn sem eru í tengslum við fyrirtækið á Netinu eða með öðrum sambærilegum hætti. Samningaviðræður hófust sl. sumar og hefur miðað seint þar til nú og er jafnvel vonast til þess að samningum geti lokið í maí. Í viðræðunum sem SA og ASÍ hafa átt fulla aðild að hefur m.a. verið rætt um vinnuvernd, starfsgjálfun, rétt til virkrar þátttöku í stéttarfélagi, aðstöðu, kostnað og upplýsingar um ráðningarkjör og aðra ráðningarskilmála.

9.5 EVRÓPUSKRIFSTOFA SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Það eru forréttindi smárikja í alþjóðasamstarfi að geta einbeitt sér að þeim viðfangsefnum sem fela í sér stærsta hagsmuni fyrir þau hverju sinni. Vinnubörg af þessu tagi hafa einkennt starfsemi Evrópuskrifstofunnar frá upphafi. Jafnframt að sinna þeirri eðlilegu kröfu að þess sé gætt að hafa lágmarks yfirsýn, sérstaklega í tilteknum mála-

flokkum. Aðildin að UNICE og góð samskipti við EFTA og sendinefnd Íslands draga úr nauðsyn þess að eyða tíma í að afla grunnupplýsinga en auka nauðsyn þess að eiga gott samstarf og samráð við alla þessa aðila. Ekki verður annað sagt en vel hafi til tekist a.m.k. að þessu leyti.

Evrópuskrifstofan hefur frá upphafi lagt áherslu á að greiða götu þeirra aðila að samtökunum sem erindi eiga til eða við stofnanir í Brussel jafnhliða upplýsingaöflun um Evrópumál. Á liðnu starfsári hefur einnig verið tekið á mótum hópum frá Íslandi, m.a. frá ASÍ og hópi stjórnsmálafræðinema frá HÍ, auk þess að sinna einstaklingum eftir þörfum.

Mikilvægur þáttur í starfsemiinni er fundasókn innan UNICE, EFTA og ESB en samtökin eiga aðild að nokkrum nefndum á vegum Evrópusambandsins í gegnum EES. Í gegnum árin hafa tilteknað áherslur kristallast, s.s. sjávarútvegur, umhverfismál, upplýsingasamfélagið og vinnu- markaðsmál að meðtöldum öryggis- og heilbrigðismálum. Í öllum þessum málaflokkum að sjávarútvegi undanskildum er sóst eftir samstarfi og samráði við önnur aðildarsamtök UNICE. Sjávarútvegur er undanskilinn vegna þess að málefni hans eru ekki í verkahring UNICE en hvað hann varðar er áhersla lögð á góð samskipti við fastanefnd Íslands. Hvað varðar vinnumarkaðsmál eigum við samleið með ríkjum í Norður-Evrópu, sérstaklega Bretum og Írum sem búa við svipaðar aðstæður á vinnumarkaði og við.

9.6 ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFN- UNIN, ILO

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis um málefni ILO, sem í eiga sæti fulltrúar SA og ASÍ, vann með hefðbundnum hætti með ráðuneytinu að skýrslugjöf um framkvæmd ILO-reglna hér á landi. Þá fjallar nefndin einnig um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu. Hún hefur nú til umfjöllunar nýlegar breytingar á félagsmálasáttmálanum og væntanlega fullgildingu einstakra ákvæða en þar eiga stjórnvöld nokkurt val.

89. þing Alþjóðavinnuálfingsins, ILO, stóð frá 5. júní til 21. júní, en þar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, launþega og vinnuveitenda aðildarríkja stofnunarinnar, m.a. frá SA og ASÍ. Samkvæmt venju fjallaði þingið um brot á samþykktum ILO, starfsemi stofnunarinnar og tillögur að nýjum samþykktum.

Á dagskrá þingsins var almenn umræða um skýrslu forstjóra sem fjallaði um mannsæmandi vinnu (*decent work*) og félagsleg áhrif hnattvæðingarinnar. Sérstaklega var fjallað um





Alheimsskýrsluna (The Global Report) sem er hluti þeirra aðgerða sem ætlað er að fylgja eftir ILO-yfirlýsingunni um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu, en hún fjallaði að þessu sinni um útrýmingu hvers kyns nauðungarvinnu. Sjónum var einnig beint að baráttunni fyrir afnámi verstu tegundar barnavinnu. ILO-samþykkt um það efni sem afgreidd var 1999 hefur þegar verið fullgilt af um 90 ríkjum, þar á meðal Íslandi. Framkvæmd aðildarríkja á samþykktum ILO var einnig til umræðu. Þar bar brot Myanmar gegn banninu við nauðungarvinnu enn hæst. Ný ILO-samþykkt um öryggi og hollustuhætti við vinnu í landbúnaði var samþykkt á þinginu. Tillögur að samþykkt um samvinnufélög voru til fyrri umræðu. Almenn og mjög fróðleg umræða fór einnig fram um almannatryggingar.

IOE, alþjóðasamtök vinnuveitenda

SA taka þátt í starfi IOE sem starfa að málefnum vinnuveitenda á vettvangi ILO. Samtökin hafa beitt sér mjög fyrir að einfalda og draga úr reglusetningu ILO, sem gengið hefur út í öfgar. Áhersla er þess í stað lögð á að alþjóðasamþykktir ILO hafi að geyma almennar reglur sem sátta sé um og sem flest ríki sjái sér fært að fullgilda. Þær geti þannig verið sá grunnur sem byggt er á í alþjóðasamskiptum. Það gildir um svokallaðar grundvallarsamþykktir ILO, um vernd gegn barnaþrælkun og nauðungarvinnu, jafnrétti kynja og réttinn til að gera kjarasamninga. Félagsleg málefni launþega séu viðfangsefni ILO en ekki WTO (Heimsviðskiptastofnunarinnar). Félagslegir fyrirvarar eigi því ekki heima í viðskiptasamningum.

9.7 FASTANEFND NORRÆNU VINNUVEITENDASAMTAKANNA

Fulltrúar SA og SI sóttu fund fastanefndar forystumanna norrænu atvinnurekendasamtakanna

sem haldinn var í lok ágúst sl. í Helsinki í Finnlandi. Þessir fundir samtaka vinnuveitenda og iðnrekenda hafa verið haldnir sameiginlega síðustu ár, enda hafa samtökin í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð verið sameinuð.

Á fundinum var farið yfir efnahagspróun á Norðurlöndum, en sérstaklega fjallað um þróun atvinnuþátttöku á Norðurlöndum og um áhrif alþjóðavæðingar. Einnig um þróun mála í Eyrstrasaltslöndunum og um skipulagsbreytingar hjá UNICE.

9.8 NORRÆN SAMVINNA

Norræna ráðherranefndin heldur árlega samráðsfundi með aðilum vinnumarkaðar. Síðastliðið haust var fundurinn haldinn í Finnlandi. Vinnu- markaðs- og vinnuverndarmálin eru einkum til umræðu á þessum vettvangi auk þess sem fjallað hefur verið um málefni innflytjenda og vinnurétt. Norrænu vinnuveitendasamtökin hafa óformlega samvinnu um fundarsókn og hagsmunagæslu sína gagnvart Norrænu ráðherranefndinni.

9.9 ÁRSFUNDUR HAGDEILDA NORRÆNNA ATVINNUREKENDA

Fundurinn var að þessu sinni haldinn við Bláa lónið. Meginefni fundarins voru hagrannsóknir á launamun kynjanna og gerði hvert land grein fyrir nýlegum rannsóknum heima fyrir. Ný dönsk rannsókn vakti mikla athygli en hún leiddi í ljós að af 15% mun á meðallaunum kynja í verkamanna- og iðnaðarmannastörfum skýrast 12 hundraðshlutar af mælanlegum þáttum eins og menntunarstigi, starfsreynslu, starfsgreinaskiptingu og stöðu. Meðal annarra umfjöllunarefna á fundinum var íslensk athugun á skýringarþáttum launamyndunar og vandamál tengd mælingum á framleiðni, en fram kom að ríki fylgja ekki stöðluðum aðferðum og eru tölur því ekki sambærilegar milli landa.

9.10 LÖGFRÆÐINGAMÓT NORRÆNU VINNUVEITENDASAMTAKANNA

Lögfræðingamót norrænu vinnuveitendasamtakanna var haldið í Esbjerg 24. – 27. ágúst, 2001. Helsta viðfangsefni mótsins var sameiginleg skýrsla samtakanna um innleiðingu (*implementing*) á reglugerðum og tilskipunum Evrópusambandsins á vinnuréttar- og vinnuverndarsviði, svo sem um hvíldar- og vinnutíma ásamt fleiru. Þar gerði hvert land fyrir sig grein fyrir því hvernig staðið er að innleiðingu þessara reglna í landsrétt. Mismunandi er með hvaða hætti það er gert. Í



Svíþjóð, Finnlandi og Noregi hefur innleiðing almennt átt sér stað með löggjöf. Aðilar vinnu- markaðar í Danmörku hafa hins vegar lagt áherslu á innleiðingu með gerð kjarasamninga sem síðar hafa verið lögfestir þannig að þeir hafi almennt gildi fyrir þá aðila sem ekki hafa samið um að taka upp viðkomandi reglur með fullnægjandi hætti. Þá var samkvæmt venju skipst á upplýsingum um löggjöf og dómaframkvæmd á sviði vinnuréttar.

9.11 ÁRSFUNDUR VINNUVERND- ARDEILDA NORRÆNNA ATVINNUREKENDA

Ársfundur samtaka atvinnurekenda á Norður- löndum um vinnuverndarmál var haldinn í Krusenbergs Herrgård nærri Arlandaflugvelli í Svíþjóð dagana 5. – 7. september 2001. Staða heilsu- verndar starfsmanna í löndunum var rædd en henni er sinnt með nokkuð mismunandi hætti. Skýrt var frá nýlegri úttekt á heilsuvernd starfsmanna í Danmörku, sem átti eftir að taka stakka- skiptum í ársbyrjun 2002 með nýrri ríkisstjórn sem tók við völdum á síðasta ári.

Veikindaforföll voru rædd en þau hafa löngum þótt vandamál sem erfitt hefur verið að taka á. Sem dæmi um veikindaforföll á árinu 2000 má nefna Noreg með 7,0% veikindaforföll, Svíþjóð með 5,2% og Ísland með 3,6%. Árið 1999 var Danmörk með 3,9% veikindaforföll. Starfsloka- aldur var einnig til umræðu og þátttaka miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Gert hefur verið átak í löndunum til að hækka starfslokaaldur og auka þannig þátttöku miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði til að nýta þekkingu þeirra lengur en ella.

9.12 UMHVERFISMÁL Á FUNDUM NORRÆNNA IÐNREKENDA

NIM-fundur í Kaupmannahöfn 2001

Sameiginlegur fundur samtaka norrænna iðnrek- enda var haldinn í Kaupmannahöfn dagana 27. – 30. september 2001. Þar var í fyrstu rætt um sjálfbæra þróun og stöðu þeirra mála nú 10 árum eftir Ríó-fundinn 1992. Ráðstefna um þau mál undir heitinu R+10 verður haldin í Jóhannesar- borg í Suður-Afríku í september 2002.

Umhverfismerking vöru var einnig rædd. Nor- ræna umhverfismerkið, svanurinn, og blómið sem er evrópskt umhverfismerki, voru einkum til umræðu, en blái engillinn, sem er umhverfis- merki Þýskalands, kom einnig til tals. Á Norður-

löndum eru menn að falla frá svaninum sem umhverfismerki sökum þess hversu dýrt er að viðhalda merkingu á vöru. Umræðan gengur út á það í dag hvort ekki sé hægt að sameina svan- inn og blómið í eitt sameiginlegt umhverfismerki fyrir Evrópu og gera það fjárhagslega aðgengi- legra en nú er. Loks komu umhverfisstjórnkerfi EMAS og ISO 14001 til tals og fjöldi þeirra fyrir- tækja í mismunandi löndum sem fengið hafa slík stjórnkerfi vottuð. Ekkert íslenskt fyrirtæki hefur vottað EMAS-stjórnkerfi en tvö íslensk fyrirtæki hafa hlotið vottun á ISO 14001, Ísal og Borgar- plast.

NIM-fundur í Ósló 2002

Sameiginlegur fundur samtaka norrænna iðnrek- enda var haldinn í Ósló dagana 7. – 8. mars 2002. Þar fór fram umræða um þá ábyrgð sem atvinnurekendur bera á umhverfinu. Kveikjan að umræðunni er tilskipun ESB um urðun úrgangs þar sem eigendur urðunarstaða bera hlutlæga ábyrgð á urðunarstaðnum í 30 ár eftir lokun hans. Einnig var rædd ábyrgð atvinnurekstrar á mengun jarðvegs. Rætt var um umhverfismerki og kröfu um innihaldslýsingu vöru (*miljøvaredekl- arasjon*). Nýjar væntanlegar tilskipanir frá ESB voru ræddar, en þær fjalla um meðferð úrgangs sem fellur til vegna raftækja, rafeindatækja og afl- agðra bíla.

9.13 AF STARFI NEMIA

SA á aðild að gagnkvæmu váttryggingarfélagi norrænu vinnuveitendasambandanna, *Nordic Employers Mutual Insurance Association* sem VSÍ átti aðild að frá árinu 1988. Hlutverk félagsins er að endurtryggja tjónsáhættu vinnudeilusjóða samtakanna vegna bótagreiðslna í tengslum við vinnustöðvanir. Félagið er lokað og aðild hafa ein- ungis hin fimm norrænu samtök vinnuveitenda. Félagið starfar í Lúxemborg og hefur eflst mikið frá stofnun þess árið 1986.

Sjóðurinn hefur fram að þessu ekki tekið á sig tjónagreiðslur vegna VSÍ/SA, en iðgjöld eru miðuð við tjónareynslu. Iðgjöld SA hafa verið miðuð við lágt tjónahlutfall og hafa eingöngu gengið til að byggja upp tæknilegan varasjóð hjá NEMIA. Í lok síðasta árs ákvað stjórn Vinnudeilu- sjóðs SA (VDS) að endurkrefja NEMIA um hluta af bótagreiðslum sínum vegna sjómannaverk- falls, eða um 30 m.kr. af 211 m.kr. VDS mun af þeim sökum greiða stærri hluta af sínum iðgjöldum (um 25%) til NEMIA og byggja þar upp sjóð sem hægt verður að grípa til vegna bóta- greiðslna.





MENNTASTARF Á VEGUM SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

10.1 HELSTU VIÐFANGSEFNI MENNTAMÁLA HJÁ SA

Samtök atvinnulífsins eru í fjölbreyttu samstarfi um menntamál. Samtökin leggja fram almenna stefnu og áherslur en vinna að framgangi einstakra mála í samvinnu við aðildarsamtök, samtök launafólks og opinbera aðila. Á vettvangi samtakanna starfar sérstakur menntahópur sem fundaði nokkrum sinnum á starfsárinu. Formaður hópsins er Ingi B. Bogason, menntafulltrúi Samtaka iðnaðarins.

Undanfarin misseri hafa Samtök atvinnulífsins lagt mesta áherslu á símenntun í atvinnulífinu og starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Þá hafa samtökin í stefnumótun sinni m.a. lagt áherslu á mikilvægi samkeppnishugsunar í menntakerfinu og héldu opinn fund um það efni í mars. *Fjallað er um fundinn í kafla 11.3.*

10.2 ÁFRAMHALDANDI UPPBYGGING MENNTAR

Áfram var unnið að uppbyggingu Menntar, samstarfs- og samráðsvettvangs atvinnulífs og skóla á sviði menntunar, sem þjóna á fyrirtækjum, félögum, skólum og öðrum fræðslustofnunum. Mennt hefur nú þegar sannað sig sem mjög mikilvægur samstarfsvettvangur fyrir aðila vinnu-markaðar og skólana í landinu.

Verkefnum Menntar fjölgaði töluvert á síðasta starfsári. Fyrst má telja söfnun og dreifingu upplýsinga á sviði menntunar eins og laga og reglugerða, upplýsinga um stefnumótun, rannsóknir, tilraunaverkefni, framboð á námi, o.s.frv. Þá var unnið að hönnun og uppbyggingu á sameiginlegri upplýsingaveitu um námsframboð á Íslandi. Hér er á ferðinni gagnagrunnur og vefsíðukerfi sem ætlað er að auka almenningi yfirsýn yfir það nám sem í boði er á framhalds- og háskólastigi og á endur- og símenntunarstigi.

Af innlendum viðburðum sem hafa verið í umsjá Menntar ber hæst Viku símenntunar, sem er átak á landsvísi sem miðar að því að hvetja fólk til að auka þekkingu sína og færni. Mörg fyrirtæki, stofnanir, skólar og einstaklingar um land allt tóku þátt í dagskrá átaksins sem var vel heppnað að flestu leyti. Vika símenntunar verður næst 8. til 15. september nk. og hefur komið upp sú hugmynd að þema vikunnar verði símenntun í fyrirtækjum. Af öðrum innlendum viðburðum má nefna UT ráðstefnu um upplýsingatækni í skólastarfi. Um 1200 manns tóku þátt í síðustu UT ráðstefnu sem haldin var í byrjun mars sl. Einnig sér Mennt í samstarfi við Starfsmenntaráð um árleg Starfsmenntaverðlaun en þau verða afhent í Viku símenntunar í september nk. Fjallað er um Evrópuverkefni Menntar hér til hliðar.

Starfsmenn Menntar eru sjö. Formaður Menntar er Davíð Stefánsson framkvæmdastjóri en hann er annar fulltrúi SA. Nánari upplýsingar eru á veffangi Menntar: www.mennt.net.

10.3 STARFSMENNTARÁÐ

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu frá 1992. Tilgangur ráðsins er að efla starfsmenntun í landinu og úthlutar það m.a. styrkjum til starfsmenntunar. Í Starfsmenntaráð eru sjö menn skipaðir af félagsmálaráðherra. Þrír eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá samtökum atvinnurekenda og þrír samkvæmt tilnefningu frá samtökum launafólks. Ráðherra skipar einn án tilnefningar. Undanfarin ár hefur starfsmenntasjóður Starfsmenntaráðs árlega fengið um 60 milljónir króna úr atvinnuleysistryggingasjóði til úthlutunar. Ákveðið hefur verið að beina fjármunum í vaxandi mæli að stærri verkefnum í stað þess að dreifa þeim víða. Auk þess hefur mjög verið dregið úr stuðningi við námskeiðahald. Ákveðnir fjármunir hafa verið eyrnamerkir rannsóknum á sviði starfsmenntunar og til markaðssetningar og kynningar á verkefnum sem tengjast starfsmenntun.

Í ár lagði starfsmenntaráð áherslu á þrjú þemu við úthlutanir á styrkjum. Þau eru: a) starfsmenntun og upplýsingatækni, b) aukin gæði starfsmenntunar og ersértök áhersla lögð á þjálfun leiðbeinenda, og c) starfsmenntun fatlaðra.

Á hverju ári verðlaunar Starfsmenntaráð í samstarfi við Mennt þá sem unnið hafa framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar. Tilgangur verðlaunanna er að vekja athygli á mikilvægi starfsmenntunar og því sem vel er gert á þessu sviði. Verðlaununum er ætlað að verða vinningshöfum hvatning til áframhaldandi starfs og öðrum til fyr-



irmyndar. Það var félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, sem afhenti Starfsmenntaverðlaunin árið 2001 á aðalfundi Menntar þann 22. nóvember. Verðlaunin voru veitt í þremur flokkum og hlaut Menntaskólinn í Kópavogi verðlaun í flokki fræðsluaðila fyrir Hótel- og matvæðaskólann og Ferðamáðaskólann, og Leikskólar Reykjavíkur hlutu verðlaun í flokki fyrirtækja. Í opnum flokki var Dr. Jón Torfi Jónasson prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands heiðraður fyrir störf sín, en sá flokkur tekur til rannsóknaraðila, meistara, einstaklinga og annarra sem vinna framúrskarandi störf á sviði starfsmenntamála.

10.4 STARFS AFL, LANDSMENNT OG STARFSMENNT

Samtök atvinnulífsins áttu aðild að stofnun þriggja sjóða í kjölfar kjarasamninga sumarið 2000: Starfsafls (með Flóabandalaginu), Landsmenntar (með Starfsgreinasambandinu) og Starfsmenntar (með Landssambandi íslenskra verzlunarmanna og Verzlunarmannafélags Reykjavíkur). Hlutverk sjóðanna er að sinna stuðningsverkefnum og þróunar- og hvatningar- aðgerðum í starfsmenntun. Tveir fyrstnefndu starfa fyrir ófaglærða en sá þriðji er einkum á sviði verslunar. Sjóðirnir skulu stuðla að aukinni hæfni starfsfólks og efla samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Starfsafl og Landsmennt

Í reglugerð Starfsafls og Landsmenntar eru þessi áhersluatriði:

- Hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun.
- Leggja áherslu á kynningar- og hvatningarstarf er tengist starfsmenntun. Þannig verði stuðlað að aukinni starfsmenntun í íslensku atvinnulífi fyrir ófaglærða starfsmenn.
- Kanna þörf atvinnulífsins fyrir starfsmenntun ófaglærðs verkafólks.
- Leita eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu.
- Styrkja nýjungar í námsefnisgerð og endurskoðun námsefnis.
- Styrkja rekstur námskeiða.
- Veita einstaklingum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar samkvæmt nánari reglum stjórnar.

Til þessa átaks í starfsfræðslumálum ófaglærðs starfsfólks verður á samningstímanum varið 120 milljónum króna til starfsfræðsluverkefna með Flóabandalaginu (Starfsafl) og 140 milljónum króna til verkefna með Starfsgreinasambandinu

(Landsmenntar). Fjármunir þessir koma að mestu frá fyrirtækjum í gegnum greiðslu tryggingargjalds, eða 200 milljónir króna, en stéttarfélagin skulu samtals leggja fram 60 milljónir króna. Til áramóta 2001-2002 námu samþykktar styrkveitingar Starfsafls alls 26 milljónum króna, en 28,5 milljónum hjá Landsmennt.

Starfsmennt – Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

SA og VR/LÍV gerðu með sér samkomulag um starfsmenntamál verslunarfólks um að setja á stofn starfsmenntasjóð sem bæði starfsfólk og fyrirtæki geta sótt til. Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði á námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Verkefni sjóðsins eru eftirfarandi:

- a) Að veita fjárhagsaðstoð við menntun starfsmanna.
- b) Að kosta námskeiðahald.
- c) Að kosta gerð námsefnis.
- d) Að styrkja fyrirtæki vegna starfs- og endurmenntunar starfsmanna.

Evrópuverkefni Menntar

Stór þáttur í starfsemi Menntar lýtur að stuðningi við þá sem hafa áhuga á auknu Evrópu-samstarfi tengdu starfsmenntun og þróun menntunar fyrir atvinnulífið. Mennt tengist þar þremur áætlunum Evrópusambandsins, **Leonardó da Vinci**, **CEDEFOP** og **Europass**. Allar upplýsingar um mögulegt Evrópusamstarf innan Menntar gefur verkefnastjóri Evrópumála hjá Mennt, Aðalheiður Jónsdóttir (alla@mennt.is).

Leonardo da Vinci

MENNT er þjónustuskrifstofa Landsskrifstofu Leonardós á Íslandi og hefur umsjón með skilgreindum atriðum innan áætlunarinnar. Mennt sér um kynningar, ráðgjöf og aðstoð við umsækjendur. Bein aðstoð við umsækjendur í umsóknarferlinu hefur verið fyrirferðarmest, en sú þjónusta er umsækjendum að kostnaðarlausu. Miklir möguleikar felast í þátttöku í Leonardó áætluninni, og hefur Mennt í samvinnu við Landsskrifstofu Leonardós reynt að hvetja fyrirtæki til aukinnar þátttöku, enda er þar um góða styrki að ræða og oft árangursríkt samstarf. Nú (2001-2002) er aukin þátttaka atvinnulífsins eitt af forgangsaðili Leonardós á Íslandi.

CEDEFOP

MENNT er íslenskur tengiliður CEDEFOP, miðstöðvar Evrópusambandsins um þróun í starfsmenntun. Hlutverkið er tvíþætt. Annars vegar er umsjón með upplýsinganeti og gagnabanka CEDEFOP á sviði upplýsinga og rannsókna. Þar fer fram gagnkvæm miðlun upplýsinga til og frá Íslandi um það sem gerist í starfsmenntamálum. Mennt ber ábyrgð á að halda CEDEFOP upplýstri um það sem er að gerast á Íslandi og auðvelda aðgengi Íslendinga að þeim evrópsku upplýsingum sem CEDEFOP býr yfir. Hins vegar er um að ræða umsjón með námsferðum, skipulögðum og styrktum af CEDEFOP. Námsferðirnar eru þriggja til fimm daga heimsóknir ætlaðar leiðbeinendum, stefnumótendum og stjórnendum í starfsmenntun þar sem færi gefst á að kynna sér ákveðið efni innan starfsmenntakerfis annarra landa. Íslendingar hafa aðgang að átta slíkum styrkjum árlega og í staðinn tekur Mennt á móti einum hópi sérfræðinga hingað til lands á hverju ári.

Europass

Mennt hefur umsjón með EUROPASS á Íslandi, en það er starfsmenntavegabréf Evrópusambandsins. Europassinn á að hvetja til aukins hreyfanleika fólks í starfsmenntun með því að stuðla að því að þjálfun sé viðurkennd á milli landa. Hann er ætlaður nemi í starfsnámi sem kjósa að fara í starfsþjálfun í öðru Evrópulandi. Passinn staðfestir að einstaklingur hafi hlotið starfsþjálfun í tengslum við nám sitt sem metin verður sem hluti af, eða viðbót við, nám á Íslandi.



Tekjur sjóðsins koma úr tveimur áttum, atvinnu-rekendur greiða sem svarar 0,15% af heildarlaunum starfsmanna í sjóðinn og stéttarfélögin greiða móttframlag sem svarar einum þriðja af greiddu framlagi atvinnurekenda til verkefnisins. Fyrirtæki geta sótt um undanþágu frá fullu gjaldi að uppfylltum nánari skilyrðum sem varða starfsmenntun á þeirra eigin vegum. Gjald til sjóðsins lækkar þá í 0,05% af heildarlaunum starfsmanna og móttframlag stéttarfélagsins eftir því. Samtals fengu 6 fyrirtæki undanþágu frá lækkun á iðgjaldi sjóðsins úr 0,15% í 0,05% á tímabilinu 1. júní 2000 til 31. júlí 2001. Á þessu tímabili voru tekjur sjóðsins um 73 milljónir króna en styrkir um 53 milljónir. Í upphafi var gert ráð fyrir að greiðslur myndu nema allt að 40 milljónum króna á ári, eða allt að 150 milljónum króna á samningstímanum öllum.

Starfsemi starfsmenntasjóðanna hefur vaxið jafnt og þétt og fjölbreytni í verkefnum er mikil, bæði hvað snertir starfsgreinar og þjónustusvið. Sjá nánar heimasíður sjóðanna: www.starfsafl.is, www.landsmennt.is, www.starfsmennt.is

10.5 STARFSGREINARÁÐ

Samkvæmt lögum er starfsgreinaráðum ætlað að skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setja fram markmið með starfsnámi. Þau gera einnig tillögur að skiptingu náms milli skóla og vinnustaða og semja reglur um nám á vinnustöðum. Ráðin eiga að hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðin heyra. Störf starfsgreinaráðanna eru margvísleg. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt sérstaka fjárveitingu til starfs hvers ráðs fyrir sig og hafa nokkur starfsgreinaráð þegar ráðið starfsmann í hlutastarf eða falið fræðslustofnunum þjónustuna. Starfsemi starfsgreinaráðanna hefur gengið misvel. Þau ráð sem lengst eru komin í starfi sínu lofa góðu og því hefur það verið ásetningur

atvinnulífssamtakanna, bæði SA og ASÍ, að víkja ekki af leið.

Mikilvægt er að þróa áfram það fyrirkomulag starfsmenntunar sem staðfest er í lögum um framhaldsskóla frá 1996. Fullyrða má að þessi lög séu markverðasta framfaraspor í starfsmenntun sem stigið hefur verið í langan tíma. En góð lög tryggja ekki farsæla framkvæmd. Það er því eitt af forgangsverkefnum starfsgreinaráðanna á næstu misserum að móta áfram verkefna-svið sín.

10.6 TILNEFNINGAR SA Í NEFNDIR OG RÁÐ Á SVIÐI MENNTA-MÁLA

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytis

Aðalm. Davíð Stefánsson, Vefur – samskipta-lausnir

Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI

Aðalm. Halldór Frímannsson, VÍS hf.

Varam. Ágúst H. Elíasson, SF

Varam. Ingvar Stefánsson, Ólíufélagið hf.

Varam. Jón H. Magnússon, SA

Mennt, samstarfsnefnd atvinnulífs og skóla

Aðalm. Davíð Stefánsson, Vefur – samskipta-lausnir

Aðalm. Jónína Gissurardóttir, SA

Varam. Ágúst H. Elíasson, SF

Varam. Ingi Bogi Bogason, SI

Dómnefnd starfsmenntaverðlauna

Aðalm. Jónína Gissurardóttir, SA

Varam. Ragnar Árnason, SA

Verkefnisstjórn vegna starfsmenntamála verzlunarmanna

Aðalm. Sigurður Ólafsson, VÍS hf.

Aðalm. Sigurður Jónsson, SVP

Aðalm. Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, Baugur hf.

Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA

Varam. Ingi Bogi Bogason, SI

Verkefnisstjórn vegna starfsmenntamála SGS (Landsmennt)

Aðalm. Ágúst H. Elíasson, SF

Aðalm. Halldór Frímannsson, VÍS hf.

Varam. Ingi Bogi Bogason, SI

Varam. Ragnar Árnason, SA

Verkefnisstjórn vegna starfsmenntamála Flóabandalagsins (Starfsafl)

Aðalm. Einar Marínósson, OLÍS

Aðalm. Gissur Pétursson, Vinnumálastofnun
 Varam. Ragnar Árnason, SA
 Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA

Verkefnisstjórn vegna fimm ára átaks um símenntun

Jónína Gissurardóttir, SA

Vika símenntunar 2001

Jónína Gissurardóttir, SA

Verkefnisstjórn vegna landsnefndar árs fatlaðra 2003, vinnumarkaður fyrir alla

Kristín Eysteinsdóttir, Hagkaup

Stýrimannaskólinn – skólanefnd

Aðalm. Haukur Már Stefánsson, Eimskip

Varam. Ólafur Briem, Skipatækni

Vélskóli Íslands – skólanefnd

Aðalm. Guðfinnur Johnsen, LÍÚ

Aðalm. Kristján Ólafsson, Samskip hf.

Varam. Ólafur Briem, Skipatækni

Samvinnuháskólinn á Bifröst – skólanefnd

Aðalm. Ármann Þorvaldsson, Kaupþing hf.

Aðalm. Tryggvi Jónsson, Baugur hf.

Varam. Tómas Hansson, Íslandsbanki hf.

Varam. Ólafur Ólafsson, Samskip hf.

Starfshópur vegna fullorðinna á vinnumarkaði sem eiga við ólæsi að etja

Emil S. Karlsson, SVP

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar

Ágúst H. Elíasson, SF

Svavar Svavarsson, Grandi hf.

Starfsfræðslunefnd fyrir iðnverkaðólk

Davíð Stefánsson, Vefur – samskiptalausnir

Stjórn verkstjóranámskeiða

Aðalm. Ingólfur Sverrisson, SI

Varam. Ragnar Árnason, SA

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi

Aðalm. Ágúst H. Elíasson, SF

Guðbrandur Magnússon, Morgunblaðið

Guðlaug Ólafsdóttir, Oliufélagið hf.

Ingi Bogi Bogason, SI

Róbert Trausti Árnason,

Keflavíkurverktakar hf.

Steinar Davíðsson, Viðeyjarstofa

Varam. Erna Hauksdóttir, SAF

Guttormur Pálsson, Meistarafél. iðnaðarm. í Hafnarfirði

Ingólfur Sverrisson, SI

Ólafur Steingrímsson, Prentsm. Oddi hf.

Svavar Svavarsson, Grandi hf.

Þorlákur Björnsson, Orkuveitan

Starfsgreinaráð menntamálaráðuneytis

SA skipar 23 aðalmenn og varamenn þeirra í eftirtalin 11 starfsgreinaráð:

Björgunar-, öryggis- og löggæslugreinar

Byggingar- og mannvirkjagreinar

Farartækja- og flutningsgreinar

Fjármála- og verslunargreinar

Hönnunar- og handverksgreinar

Matvæla- og veitingagreinar

Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar

Náttúrunýting

Sjávarútvegs- og siglingagreinar

Snyrtigreinar

Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar

Námskeiðsnefnd um starfsmenntun í fiskvinnslu

Ágúst H. Elíasson, SF

Svavar Svavarsson, Grandi hf.

Vinnuhópur um starfsmenntunaráttak í Vestmannaeyjum

Arnar Sigurmundsson, SF

Ráðgjafarnefnd ESB um starfsþjálfun

Kristófer M. Kristinsson, SA

Stjórn landsskrifstofu Leonardós II – áætlunar Evrópusambandsins um verknám, starfsþjálfun og símenntun

Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI

Varam. Kristófer M. Kristinsson, SA





ÚTGÁFA OG KYNNING



11.1 VEFUR SA

Vefur SA, www.sa.is, gegnir mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun samtakanna og í samskiptum við félagsmenn. Á vefnum er mikið safn upplýsinga og eru síðurnar alls hátt á þriðja þúsund talsins. Auk hefðbundinna upplýsinga um samtökin, svo sem um samþykktir, skipulag og starfsemi, er þar að finna margvíslegar upplýsingar fyrir atvinnulífið. Má þar nefna kjara- og vinnumarkaðsmál, fréttir sem tengjast atvinnulífinu og upplýsingar um Evrópumálefni.

Vinnumarkaðsvefur SA

Fimmtudaginn 8. nóvember opnaði Finnur Geirs-

son, formaður SA, nýjan vinnumarkaðsvef samtakanna. Á vefnum er að finna ítarlegar en aðgengilegar upplýsingar um ráðningar starfsfólks og starfslok, launakostnað, orlof, hvíldartíma, veikindarétt, fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttismál, vinnuvernd og margt fleira. Vefurinn verður stöðugt uppfærður með nýju efni. Vinnumarkaðsvefurinn er opinn öllum félagsmönnum SA, en notendanöfn og lykilorð voru send aðildarfyrirtækjum og aðildarfélögum við opnun vefsins og nýjum félagsmönnum hafa verið send þau síðan. Notendanafn og lykilorð þarf að slá inn þegar farið er inn á vefinn í fyrsta sinn úr hverri vinnustöð. Leiðin inn á vinnumarkaðsvefinn er í gegnum kjaramálasíðu heimasíðu SA eða hnapp efst á forsiðu vefsins (www.sa.is).

Rafrænt fréttabréf SA

Rafrænt fréttabréf SA, *Af vettvangi*, samanstendur að stærstum hluta af stuttum fréttum, en hægt er að nálgast ítarlegri umfjöllun um hvert mál á vef SA með einum músarsmelli. Þannig þjónar fréttabréfið öðrum þræði því hlutverki að minna á vefinn og það mikilvæga hlutverk, sem hann gegnir í upplýsingamiðlun samtakanna og samskiptum við félagsmenn. Jafnframt er fréttabréfið nýtt til að koma sjónarmiðum og skoðunum SA á framfæri. Fréttabréfið er sent út reglulega fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það sent í tölvupósti.

11.2 PRENTÚTGÁFA

Skýrsla um samkeppnislög

Í tengslum við aðalfund SA í maí kom út skýrsla þar sem fjallað er um íslensku samkeppnislögin, þau borin saman við samkeppnislög nágrannalanda og tillögur gerðar til úrbóta.

Sveigjanleiki íslensks vinnumarkaðar

Vorið 2002 gefa Samtök atvinnulífsins út skýrslu með niðurstöðum rannsóknar um sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði. Í rannsókninni er m.a. skoðað að hve miklu leyti vinnumarkaðurinn geti brugðist við hagsveiflum án þess að atvinnustig hreyfist mikið og fjallað um hverju það myndi breyta ef ekki væri hægt að beita gengisbreytingum gagnvart helstu viðskiptalöndum Íslands.

Fjölmenningarlegt samfélag – Allra hagar

Laugardaginn 10. nóvember var innskotsblaðinu *Fjölmenningarlegt samfélag – Allra hagar* dreift með Morgunblaðinu. Að blaðinu stóðu Samtök



atvinnulífsins, félagsmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Rauði kross Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga, en fyrirtækið Kynning og markaður hafði umsjón með vinnslu þess.

Bláðið er hugsað sem fræðsla og liður í baráttu gegn kynþáttafordómum í íslensku samfélagi.

Kaupgjaldsskrá SA

Í tilefni af áfangahækkun launa var gefin út kaupgjaldsskrá SA nr. 3, sem gildir frá 1. janúar 2002. Kaupgjaldsskráin er einnig aðgengileg á kjaramálavef SA.

Útgefnir kjarasamningar

Kjarasamningar SA sem gilda fyrir fleiri en eitt fyrirtæki eru almennt gefnir út í bókformi af samtökunum og sendir aðildarfyrirtækjum þeim að kostnaðarlausu. Þeir eru jafnframt aðgengilegir á vinnumarkaðsvef SA. Á starfsárinu hafa verið gefnir út eftirtaldir samningar:

- Samningur 2000-2003 milli SA og Eflingar, Hlífar og VSFK.
- Samningur 2000-2003 milli SA og Eflingar vegna iðnverkafólks.
- Samningur 2000-2003 milli SA og Starfsgreinasambands Íslands vegna iðnverkafólks.
- Samningur 2000-2004 milli SA og Félagsbókagerðarmanna.
- Samningur 2000-2004 milli SA og Múrarafélags Reykjavíkur.
- Samningur 2000-2004 milli SA og Sveinafélags pípuþrúfingamanna.
- Samningur 2000-2004 milli SA og Vélstjórafélags Íslands vegna vélstjóra í landi.
- Samningur 2000-2004 milli SA og Vélstjórafélags Íslands vegna vélstjóra á kaupskipum.
- Samningur 2000-2003 milli SA og Sjómannafélags Reykjavíkur vegna skipverja á kaupskipum.

Eftirtaldir samningar hafa ekki verið gefnir út á bókformi en eru aðgengilegir á vinnumarkaðsvef SA:

- Samningur 2000-2004 milli SA og Félags íslenskra kjötiðnaðarmanna.
- Samningur 2000-2004 milli SA og Bakarasveinafélags Íslands.
- Samningur 2000-2004 milli SA og Félagsmatreiðslumanna.
- Samningur 2000-2004 milli SA og Félagsframreiðslumanna.
- Samningur 2000-2004 milli SA og Félagsleiðsögumanna.

- Samningur 2000-2004 milli SA og Lyfjafræðingafélags Íslands vegna apóteka.
- Samningur 2000-2004 milli SA og Lyfjafræðingafélags Íslands vegna lyfjaframleiðenda.

11.3 FUNDUR UM SAMKEPPNIS- HUGSUN Í MENNTAKERFIÐ

Miðvikudaginn 20. mars stóðu Samtök atvinnulífsins fyrir morgunverðarfundum undir yfirskriftinni *Samkeppnishugsun í menntakerfið: þjónusta, nýjungar, skólagjöld*. Erindi fluttu: Runólfur Ágústsson rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, um þjónustuhugsun í skólastarfi; Gylfi Magnússon dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, um rekstur skóla og skólagjöld; og Magnús Gunnarsson bæjarstjóri í Hafnarfirði, um nýjungar í rekstri grunnskóla. Segja má að meginþema fundarins hafi verið mikilvægi þess að efla sjálfstæði skóla og deilda innan stærri skóla, færa þeim meira vald og ábyrgð samfara því. Fjallað var um kosti samkeppninnar og jákvæð áhrif, mikilvægi hvatningar, breyttar þarfar og þjónustuhlutverkið við nemendur, atvinnulífið og samfélagið í heild.

Á fundinum greindi Runólfur frá því að Viðskiptaháskólinn á Bifröst hyggðist bjóða upp á meistaranám sem undirbyggi fólk til lögmennsstarfa í viðskiptum og atvinnulífi. Magnús notaði einnig tækifærið til kynna hugmynd að nýjum samningi við Hjallastefnuna ehf. um rekstur fyrsta bekkjar grunnskóla, sem hann sagði vera á viðræðustigi. „Hugmyndin felur í sér að Hjallastefnan mun bjóða nemendum leikskólans Hjalla í Hafnarfirði að sækja nám í fyrsta bekk grunnskóla á vegum fyrirtækisins sem fyrsta skref. Þannig verði stofnaður einkaskóli á vegum Hjallastefnunnar til þess að sinna þessu verkefni,“ sagði Magnús. Gylfi fjallaði m.a. um ólík rekstrarform og sagði hann mörg þeirra hafa bæði kosti og galla. Hann sagði það vera mjög heppilega lausn að auka sjálfstæði deilda og gera þær að „skólum innan skólans,“ hvaða nafni sem það væri kallað. Gylfi sagðist telja líklegt að slíkt fyrirkomulag yrði tekið upp innan fárra missera í viðskipta- og hagfræðideild HÍ.

11.4 NÁMSKEIÐ UM GERÐ JAFN- RÉTTISÁÆTLANA

Miðvikudaginn 13. mars héldu Samtök atvinnulífsins námskeið um gerð jafnréttisáætlana. Námskeiðið var opið öllum félagsmönnum SA. Fjallað var á praktískan hátt um það hvernig fyrirtæki geti gengið frá jafnréttisáætlun eða jafngildi hennar þannig að lagaskilyrðum sé fullnægt, en samkvæmt jafnréttislögum skulu öll fyrirtæki með fleiri





en 25 starfsmenn gera slíka áætlun eða geta jafnréttismarkmiða í starfsmannastefnu. Námskeiðið var fjölsótt en upplýsingar um gerð jafnréttisáætlana má jafnframt nálgast á vinnumarkaðsvef SA.

11.5 FUNDUR UM FLUTNING Á HÆTTULEGUM VARNINGI Á VEGUM

Miðvikudaginn 29. ágúst var haldinn fundur í húsakynnum Samtaka atvinnulífsins um flutning á hættulegum varningi á vegum. Erindi flutti Gestur Guðjónsson, fulltrúi atvinnurekenda í samstarfshópi á vegum dómsmálaráðuneytisins um flutning á hættulegum varningi um jarðgöng. Gerði hann m.a. grein fyrir gildandi reglum, framkvæmd þeirra og starfi samstarfshópsins og fjallaði um flutning hættulegra efna um Hvalfjarðargöngin og viðbrögð flutningsaðila til að auka öryggi í göngum. Fundurinn var vel sóttur af fulltrúum fyrirtækja sem flytja hættulegan varning á vegum.

11.6 SKATTASAMKEPPNI – TÆKIFÆRI FYRIR ÍSLAND?

Föstudaginn 2. nóvember var haldin ráðstefna undir yfirskriftinni *Skattasamkeppni – tækifæri fyrir Ísland?* Ráðstefnan var skipulögð af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands en Samtök atvinnulífsins voru meðal helstu styrktaraðila og höfðu umsjón að hluta með framkvæmd hennar. Meðal þátttakenda voru Davíð Oddsson forsætisráðherra og Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, auk fjölda innlendra og erlendra sérfræðinga. Á ráðstefnunni var rætt um möguleika Íslands á að hasla sér völl sem alþjóðleg fjármálamiðstöð í krafti lágra skatta á Íslandi, eins og t.d. Írland og Lúxemborg hafa gert. Einnig var rætt um átak OECD gegn því sem stofnunin nefnir „skaðlega skattasamkeppni“ og umræðu um skattasamræmingu innan ESB.

Ísland á möguleika á þessu sviði

Almennt voru þátttakendur sammála um að Ísland ætti möguleika á þessu sviði. Þannig sagði Michael Walker frá Fraser Institute að Ísland hefði almennt sýnt gríðarlegar framfarir á sviði efnahagsmála undanfarin ár og að fyrirhugaðar skattabreytingar virkuðu einmitt í þá átt að koma Íslandi í hóp þeirra ríkja þar sem skattaumhverfið væri hvað vinsamlegast atvinnulífinu, þótt ávallt mætti betur gera.

Hörð gagnrýni á skattasamræmingu

Hagfræðingurinn Daniel Mitchell við The Heritage Foundation í Washington D.C. líkti átaki OECD við

verðsamráð á markaði. Fjármagn væri sífellt hreyf- anlegra og því yrðu ríki einfaldlega að keppa um að veita bestu kjörin, m.a. á sviði skattamála. Átak OECD væri órvæntingarfull tilraun til að sporna við þessari þróun, og sagði hann tilburði aðildarríkja- anna til að hafa áhrif á skattareglur landa utan þeirra raða vera eins konar „fjárhagslega nýlend- ustefnu.“ Sir Roland Sanders, sendiherra Karíba- hafseyjanna Antigua og Barbuda í London, tók undir þetta og gagnrýndi stofnunina harðlega fyrir afskiptasemi af innanríkisámálum annarra ríkja.

Roland Vaubel, hagfræðiprófessor við Mann- heim háskóla sagði skattasamræmingu milli ríkja vera óhagkvæma þar sem ólík ríki hefðu ólíkar þarfir og möguleika í skattheimtu, m.a. vegna mismunandi aldurssamsetningar, þjóðartekna o.fl. Þá hefði hún tilhneigingu til að leiða til hærri skattheimtu.

11.7 MÁLPING UM STARFSENDUR- HÆFINGU

Þriðjudaginn 13. nóvember var haldið málþing um mikilvægi starfsendurhæfingar í þeim tilvikum þegar einstaklingar hafa verið lengi frá vinnu vegna veikinda eða slysa. Að málþinginu stóðu Samtök atvinnulífsins, Tryggingastofnun ríkisins, Landssamtök lífeyrissjóða, ASÍ, Vinnumálastofnun og Samstarfsráð um endurhæfingu. Reynslan sýnir að löng fjarvera hefur áhrif á sjálfsbjargarvið- leitni og sjálfsöryggi, eykur kvíða og leiðir jafnvel til þunglyndis. Þessir einstaklingar eiga í mörgum til- vikum ekki afturkvæmt út á vinnumarkaðinn og enda að lokum á örorkubótum. Talið er að mark- viss aðstoð og endurhæfing geti skipt sköpum sé hún veitt í tæka tíð. Markmið málþingsins var að skapa umræðu um skipulag starfsendurhæfingar á Íslandi og leiðir til úrbóta.

11.8 ÝMSIR FUNDIR MEÐ STUÐN- INGI SA

Auk framangreindra funda og námskeiða styrktu Samtök atvinnulífsins ýmiss konar fundahald á starfsárinu. Má þar nefna:

- *Málþing um kulnun í starfi* sem Vinnueftirlitið stóð fyrir 28. janúar með stuðningi SA o.fl.
- *Háskóli og atvinnulíf – hvernig styrkjum við böndin*, ráðstefnu Stúdentaráðs Háskóla Íslands 22. janúar, með stuðningi SA og Holl- vinasamtaka HÍ.
- *Þekking á leið úr landi?* – málþing um skattaum- hverfi, ráðstefnu sem viðskiptafræðinemar við Háskóla Íslands stóðu fyrir þann 26. sept- ember, með stuðningi SA o.fl.

REKSTUR SAMTAKANNA, INNRA STARF OG SKIPULAG



12.1 STÖRF AÐALFUNDAR

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 15. maí 2001. Formaður SA, Finnur Geirsson, setti fundinn kl. 11:00 og var Hörður Sigurgestsson kjörinn fundarstjóri. Hann tilnefndi Álfheiði M. Sívertsen sem fundarritara.

Venjuleg aðalfundarstörf

Finnur Geirsson flutti fundinum skýrslu stjórnar fyrir næstliðð starfsár og reikningar samtakanna voru samþykktir. Þá var fundinum tilkynnt um niðurstöður úr fyrstu beinu póstkosningu formanns Samtaka atvinnulífsins. 63,6% félagsmanna greiddu atkvæði og hlaut sitjandi formaður, Finnur Geirsson, 99,8% greiddra atkvæða. Hann var því réttkjörinn formaður SA starfsárið 2001 til 2002. Umsjón með kosningu og talningu atkvæða hafði kjörnefnd sem skipuð var þeim Haraldi Sumarliðasyni, Kristjáni Ragnarssyni og Páli Sigurjónssyni. Þá var samþykkt tillaga kjörnefndar um 20 menn til setu í stjórn starfsárið 2001 til 2002. Loks voru samþykktar breytingar á samþykktum SA þess efnis að árgjald til samtakanna var lækkað úr 0,18% af launastofni í 0,17%, og stofnsettur var réttarverndarsjóður SA. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa straum af kostnaði vegna mála-reksturs og annast réttarvörslu í málum sem snerta hagsmuni atvinnulífsins eða margra félagsmanna.

Opin dagskrá: „Ísland í fremstu röð“

Kl. 13:30 hófst opin dagskrá aðalfundarins undir yfirskriftinni „Ísland í fremstu röð.“ Dagskráin hófst með ræðu Finns Geirssonar formanns SA. Finnur fjallaði m.a. um niðurstöður frá umfangsmiklu málefnastrafi samtakanna í átta málaflökkum, um kjaramálin, stöðu efnahagsmála og stöðu EES-



samningsins. Finnur sagði það forgangsatriði að ráðast í umfangsmiklar breytingar á skattkerfinu, með það að markmiði að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og efla þar með trú manna á framtíðarmöguleikum þess. „Við stöndum um margt betur að vígi en áður undir svipuðum kringumstæðum og með samstilltu átaki og góðri samvinnu eru góðar líkur á að Ísland geti áfram verið í fremstu röð á meðal þeirra þjóða sem best hafa lífskjör,“ sagði Finnur.

Davíð Oddsson forsætisráðherra ávarpaði fundinn og fjallaði m.a. um skattamálin. „Ljóst er að góður vilji stendur til þess hjá báðum stjórnarflokkunum að vinna að breytingum á skattheimtu, sem eru til þess fallnar að auka hér umsvif og tryggja að forsendur fyrirtækjareksturs séu upp á það allra besta hér á landi. Dæmin sanna að heildartekjur ríkissjóðs þurfa ekki að lækka þótt skattareglurnar séu gerðar sanngjarnari,“ sagði Davíð.

Þá ávarpaði fundinn Turlough O'Sullivan, framkvæmdastjóri samtaka atvinnulífsins á Írlandi. Hann fjallaði um hina svokölluðu „írsku



Tillögur í skattamálum

Í tengslum við aðalfund SA var gefin úr skýrslan *Samkeppnishæft skattaumhverfi*, þar sem lagðar voru fram ítarlegar og rökstuddar tillögur til að efla samkeppnishæfni íslensks skattaumhverfis. Verulegar breytingar voru síðan gerðar á skattaumhverfi fyrirtækja haustið 2001, líkt og fjallað er um í kafla 8.2. Helstu tillögur skattahóps SA og rökstuðningur með þeim voru teknar þannig saman í skýrslu hópsins:

- Tekjuskattur fyrirtækja verði lækkaður í 15%. Færð eru samkeppnisleg og efnahagsleg rök fyrir nauðsyn þess.
- Eignarskattur verði afnumdir. Vísað er til samkeppnishæfni Íslands og alþjóðlegra áherslna á hlutleysi fjármagnsskatta.
- Stimpilgjöld af útgáfu og viðskiptum með viðskiptabréf verði felld brott. Sömu rök og varðandi eignarskatta.

- Söluhagnaður verði skattlagður með sama hætti og arður og samhlíða verði afnuminn skattur á söluhagnað erlendra aðila.
- Hugað verði að endurskoðun á öllum starfsleyfisgjöldum og smærri sköttum og gjöldum sem innheimt eru af hinu opinbera.
- Hámarksfjárhæðarþak kaupréttarsamninga verði hækkað í 2 milljónir kr. á ári á hvern starfsmann.
- Aukið verði við frádráttarheimildir fyrirtækja vegna stuðnings við nýsköpun og rannsóknir.
- Endurskoðaðar verði reglur um íslenska starfsmenn sem haldið er tímabundið að störfum erlendis á vegum hér-landra fyrirtækja.
- Settar verði sérreglur um hagstæða skattalega meðferð erlenda sérfræðinga sem koma hingað tímabundið til starfa.

Áherslur atvinnulífsins

Í tengslum við aðalfund SA gáfu samtökin út ritið *Áherslur atvinnulífsins*. Þar koma fram niðurstöður af viðtæku og kraftmiklu málefnastráfi þar sem á annað hundrað manns frá aðildarfélögum samtakanna, einstökum fyrirtækjum og fleiri aðilum lögðu drög að stefnu stjórnar Samtaka atvinnulífsins. Eftirfarandi er samantekt úr ritinu:

Samkeppnishæf starfsskilyrði eru forsenda blómlegs atvinnulífs og hagvaxtar á tímum alþjóðlegrar samkeppni. Með því að tryggja íslensku atvinnulífi hagstæð starfsskilyrði eru íslenskum fyrirtækjum skipaðar nauðsynlegar forsendur til hagræðingar og virkunar frumkvæðis og sveigjanleika í alþjóðlegri samkeppni. Þannig stendur íslenskt atvinnulíf undir áframhaldandi hagvexti og velferð samfélagsins. Þannig er Íslandi tryggt sæti í fremstu röð. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að starfsumhverfi atvinnulífsins verði með því besta sem gerist og þannig sköpuð skilyrði fyrir öflugum hagvexti og bættum lífskjörum.

Búið í hagin fyrir framtíðarvöxt

Á undanförunum árum hefur hlutfall samneyslu af vergri landsframleiðslu farið vaxandi. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að þessari þróun verði snúið við. Meginmarkmið stjórnvalda á næstu misserum á að vera að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og búa þannig í hagin fyrir framtíðarvöxt og velferð. Í því skyni er brýnt að koma á samkeppnishæfu skattaumhverfi og gera Ísland að eftirsóknarverðum fjárfestingarkosti. Þá þarf að halda áfram á braut einkavæðingar og forgangsraða opinberum framkvæmdum með tilliti til hagkvæmni og framleiðni.

Þrátt fyrir verulegan afgang á rekstri ríkissjóðs hefur meginþungi efnahagsstjórnar fallist í aðhaldsamri stefnu í peningamálum. Vegna þenslu í efnahagslífinu hefur atvinnulífið þurft að standa undir meiri launakostnaðarhækkunum og vaxtabyrði en keppinautur í viðskiptalöndunum. Þessir veikleikar í efnahagsstjórninni hafa síðan birst í lækun gengis krónunnar á undangengnum mánuðum.

Samtök atvinnulífsins telja að það hafi verið skynsamlegt að víkja frá þeirri fastgengisstefnu sem áður var fylgt, vegna vaxandi halla í erlendum viðskiptum þjóðarinnar. Þó er sá möguleiki fyrir hendi að með flotgengisstefnu verði krónan óstöðugri en áður og að vaxtamunur haldi áfram að vera mikill. Í ljósi þessa telja samtökin að skoða beri kosti og galla myntsamstarfs eða tengingar við annað myntsvæði. Ávinningur myntsamstarfs í formi lægri vaxta og viðskiptakostnaðar myndi nema milljörðum króna ár hvert, en á móti kemur að ekki yrði fyrir hendi möguleikinn til aðlögunar gengis að breyttum ytri skilyrðum.

Endurskoða þarf heimildir Samkeppnisstofnunar til að ógilda samruna fyrirtækja ef hann telst leiða til markaðsráðandi stöðu. Stofnunin á fyrst og fremst að beita sér gegn *misnotkun* á markaðsráðandi stöðu. Þá ber að taka auknið tillit til alþjóðlegrar samkeppni við skilgreiningu markaðshlutdeildar. Gera verður mjög ríkar kröfur um að jafnræðissjónarmiða og andmælaréttar sé gætt við meðferð mála hjá samkeppnisyfirdömdum. Að mati Samtaka atvinnulífsins gerir núverandi skipan mála það ekki.

Skattalækkanir brýnar

Samtök atvinnulífsins hafa farið ítarlega yfir brýnustu atriðin í skattalegu rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja, en ýmis nágrannaríki okkar hafa á síðustu misserum keppt við að lækka skatta á fyrirtæki. Þrjú meginatriði standa upp úr í þeim efnum. Ber þar fyrst að nefna lækkað tekjuskattshlutfall, en gerð er tillaga um að það verði fært niður í 15%. Jafnframt er þung áhersla lögð á afnám eignarskatta og stimpilgjalda, en þau skattform eru nánast úrelt í helstu viðskiptalöndum. Þá telja Samtök atvinnulífsins brýnt að leysa vanda eignarhaldsfélaga og hlutabréfasjóða sem búa við ósamkeppnishæfar reglur í alþjóðlegri samkeppni, og að einfaldasta leiðin til þess sé að afnema skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum í eigu lögaðila.

Skilvirk löggjöf – minna opinbert eftirlit

Stöðugt fjölgar lögum, reglum og reglugerðum sem snerta atvinnurekstur og leggja á hann kvaðir. Grísjun í regluskóginum og kerfisbundin endurskoðun löggafrarinnar með það að markmiði að gera hann einfaldari og aðgengilegri er sjálfstætt markmið. Atvinnulífið á kröfu til þess að löggafrinn leggi jafnan mat á áhrif lagafrumvarpa á atvinnulífið og þá um leið hvort nýju reglurnar hafi ekki í för með sér að öðrum reglum þurfi að breyta eða fella þær niður.

Sveigjanleiki á vinnumarkaði

Standa þarf vörð um sveigjanleika og snerpu íslensks vinnumarkaðar. Reynslan hefur sýnt að ósveigjanlegar reglur sem stuðla eiga að atvinnuöryggi hafa öndverð áhrif og standa í vegi nýráðninga. Við upptöku Evrópulöggjafar og annarra alþjóðlegra reglna þarf því að nýta að fullu það svigrúm sem reglurnar gefa til aðlögunar að þörfum íslensks vinnumarkaðar. Markmið Samtaka atvinnulífsins við gerð kjarasamninga er að tryggja stöðugleika og samkeppnishæft atvinnulíf til hagsbóta jafnt fyrirtækjum sem launamönnum. Almenni vinnumarkaðurinn á að vera leiðandi í launamyndun í landinu. Opinberir aðilar verða að virða þann ramma sem þar er settur. Nauðsynlegt er að beinir samningar milli fyrirtækja og starfsmanna fái auknið vægi og að kjarasamningar hamli ekki þeirri þróun. Loks er þörf á að efla launakannanir Kjararannsóknarnefndar og tryggja greiða leið erlends vinnuafis inn í landið.

Samkeppnishugsun í menntakerfið

Menntakerfið er grunnur að samkeppnishæfni atvinnulífsins. Innleiða þarf hugsunarhátt samkeppni í menntakerfið og efla möguleika til umbunar framæknum skólum og kennurum. Áhersla er lögð á mikilvægi sveigjanlegs menntakerfis sem getur aðlagð sig hratt að þörfum atvinnulífsins hverju sinni. Skilgreina þarf svigrúm til skólagjalda fyrir aukna þjónustu og leita ber nýrra leiða hvað snertir rekstrarform skóla.

Hagræn stjórntæki í umhverfismálum

Á sviði umhverfismála leggja Samtök atvinnulífsins áherslu á mikilvægi náins samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs, áður en atvinnulífinu eru sett markmið eða leitað er leiða að settum markmiðum. Samtökin hvetja fyrirtækin til að marka sér stefnu í umhverfismálum og leggja áherslu á þátt innra eftirlits fyrirtækjanna sjálfra í umboði lögbærra aðila. Þjónustugjöld fyrir veitta

þjónustu eru ásættanlegur kostur sem hagrænt stjórntæki í umhverfismálum, en Samtök atvinnulífsins eru móttallin álagningu umhverfisskatta sem tekjulindar fyrir opinbera aðila.

Jafnir möguleikar kynjanna

Hagsmunamál atvinnulífsins

Að bæði konur og karlar fái notið hæfileika sinna og eigi jafna möguleika til starfa, starfsþróunar og launa er hagsmunamál atvinnulífsins. Í samkeppni um fólk, framleiðni og þjónustu hlýtur hæfni, þekking og dugnaður starfsmanna að ráða ákvörðunum stjórnenda. Samtök atvinnulífsins telja því að endurskoða eigi hefðir, venjur, viðhorf og vinnuáferðir til að stuðla að auknum jöfnuði milli kvenna og karla. Stuðla eigi að jafnara starfsvali kvenna og karla en starfaskipting á vinnumarkaði er enn mjög kynbundin. Fjölga eigi konum í stjórnunarstöðum en hlutur þeirra hefur aukist hægt þrátt fyrir aukna menntun og umræðu. Aukin áhersla er einnig á að gera starfsmönnum kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf sem stuðlar að aukinni ánægju starfsfólksins og skilar sér í betri anda á vinnustað og auknum afköstum. Einelti og kynferðisleg áreitni á vinnustað á heldur ekki að líðast. Loks leggja Samtök atvinnulífsins áherslu á að jafnréttislöggjöf megi ekki vera flókin og kalla á auknið skrifræði og opinbert eftirlit. Fyrirtækin eru best til þess fallin að framkvæma löginn og ná markmiðum þeirra, svo sem varðandi jafnréttisáætlanir.

Frekari hagræðing í lífeyrisherfinu

Samtök atvinnulífsins telja að vel hafi tekist til um löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem tóku gildi 1. júlí 1998. Grunnréttindi sjóðsfélaga hafa verið treyst og ábyrgð einstaklinga á eigin lífeyrissjóða hafa verið auknar til að fjárfesta í hlutabréfum og í erlendum gjaldmiðlum og telja Samtök atvinnulífsins það jákvætt skref og að frekari þróun í þá átt þurfi að koma til á næstu árum.

Skilgreind samningsmarkmið gagnvart ESB

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefur verið íslensku efnahagslífi gríðarlega mikilvægur. Frá undirritun samningsins hefur þó vægi EFTA-hlutans farið minnkandi og áframhald verður á þeirri þróun með stækkun sambandsins. Innan ESB hefur jafnframt aukist vægi stofnana sem ekki tengjast EES-samningnum og málaflokkar sem tengjast innri markaðnum standa utan samningsins. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að efla samskiptin við einstök núverandi og verðandi aðildarríki ESB, í því skyni að stuðla að áframhaldandi virkni samningsins. Þá telja Samtök atvinnulífsins mikilvægt að stuðla að upplýstri umræðu um kosti og galla ESB-aðilar og að stjórnvöld og hagsmunasamtök hefjist handa við skilgreiningu samningsmarkmiða Íslands vegna hugsanlegrar aðildarumsóknar að ESB. Ljóst er að íslenskur sjávarútvegur gæti ekki unað við núverandi stefnu ESB í sjávarútvegsmálum.

leið“, en í kjölfar þjóðarsáttar á írskum vinnumarkaði, mikilla skattalækkana á fyrirtæki o.fl. hafði þjóðarframleiðsla aukist um 8% á ári að meðaltali sl. áratug, erlendar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu höfðu minnkað um helming og 9% fjárlagahalli hafði breyst í um 3% fjárlagaafgang.

Loks ávarpaði fundinn Guðjón Rúnarsson formaður skattahóps SA og gerði grein fyrir ítarlegum tillögum samtakanna til úrbóta í skattamálum. Sérstök skýrsla skattahópsins – *Samkeppnishæft skattaumhverfi* – var gefin út í tengslum við aðalfundinn. Í máli Guðjóns kom m.a. fram að megin tillögum samtakanna mætti skipta í þrennt, þ.e. lækkun á hlutfalli tekjuskatts hjá fyrirtækjum í 15%, afnám eignarskatta og afnám stimpilgjalda af útgáfu og viðskiptum með viðskiptabréf.

12.2 STÖRF FRAMKVÆMDA-STJÓRNAR

Framkvæmdastjórn stýrir starfsemi SA í samræmi við stefnumörkun stjórnar og fundar að jafnaði mánaðarlega. Á dagskrá eru þau málefni sem hæst ber í starfsemi samtakanna hverju sinni og hafa efnahagsmálin verið fyrirferðarmikil og samskipti við ASÍ og ríkisstjórn í tengslum við þau. Meðal annarra mála sem komið hafa til umfjöllunar eru verkefni samtakanna og áherslur í starfi, stefna í nýtingu orkulinda landsins, Evrópumál og samkeppnismál.

12.3 STÖRF STJÓRNAR

Undanfarin tvö ár hefur stjórnin komið saman 6-7 sinnum á ári og fjallað um megináherslur í starfsemi samtakanna. Á starfsárinu fjallaði stjórnin mest um efnahagsmál en jafnframt var fjallað um verkefnaáætlun SA, kjaramál, skattamál, Evrópumál og samkeppnismál.

12.4 FUNDIR MEÐ FRAMKVÆMDA-STJÓRUM AÐILDARFÉLAGA SA

Framkvæmdastjóri SA og framkvæmdastjórnar aðildarfélaganna sjö hittast fyrsta mánudag hvers mánaðar á formlegum fundum. Framkvæmdastjórnarnir hafa notað þennan vettvang til að fjalla um og taka ákvarðanir í tengslum við byggingu nýs húsnæðis fyrir samtökin. Þá hafa sameiginleg tölvumál og kaup og smíði á sameiginlegum hugbúnaði fyrir samtökin fengið mikla umfjöllun. Meðal annarra umfjöllunarefna á fundunum má nefna efnahagsmál, kjaramál, umhverfismál, félagsheimilásjóð verslunarsamtakanna, kjarrannsóknir og málefni Útflutningsráðs.

Hús atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins og aðildarfélög þeirra flytja saman í nýtt húsnæði við Borgartún 35 nú í sumar, en húsið verður afhent í byrjun maí. Flutningurinn er liður í þeirri þróun til einföldunar og hagræðingar í félagakerfi atvinnulífsins sem leiddi til stofnunar SA í september 1999.

Meginmarkmið þeirra skipulagsbreytinga voru að ná fram öflugri málsvara atvinnulífsins alls og bættri þjónustu við aðildarfyrirtækin í krafti aukins samstarfs og sérhæfingar. Sameiginlegt húsnæði gegnir lykilhlutverki í þessu sambandi.

Nokkurn tíma hefur tekið að hrinda þessu markmiði í framkvæmd, en stefnumörkun um sameiginlegt húsnæði lá fyrir strax við stofnun SA. Mikil ánægja er með þá niðurstöðu sem er fengin, enda er óhætt að segja að félagsstarfi atvinnulífsins sé með þessu búin glæsileg starfsaðstaða um ókomin ár.

Stærð nýja hússins er um 3.600 fermetrar á fimm hæðum auk kjallara og þakhæðar með funda- og veitinga- aðstöðu. Húsið er keypt tilbúið af Herði Jónssyni bygginga-vertakka. Guðni Pálsson arkitekt hannaði húsið.

SA munu kaupa fimmtu hæðina eða um 560 fermetra, auk um 105 fermetra hlutdeildar í sameign á 1. hæð og í kjallara. Núverandi húsnæði SA í Garðastræti 41 er um 1000 fermetrar að stærð, en kínverska sendiráðið hefur fest á því kaup. Samtök fjármálafyrirtækja leigja skrifstofuherbergi af SA. Skrifstofur Samtaka iðnaðarins verða á 4. hæð. Á 3. hæð verða skrifstofur Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslu- stöðva og Samtaka ferðaþjónustunnar. SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu og Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði verða á hluta 2. hæðar, en Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins leigir annan hluta hennar. Útflutningsráð Íslands leigir 1. hæð. Vinnudeilusjóður SA kaupir þann hluta fasteignarinnar sem SA og aðildarfélög kaupa ekki og sem ætlaður er til útleigu.



12.5 MÁLEFNASTARF SA

Fyrir aðalfund SA í maí 2001 fór fram umfangsmikið málefnaþing vegna útgáfu ritsins *Áherslur atvinnulífsins*, þar sem fjallað er um áherslur SA í átta málaflokkum líkt og getið er um hér að framan. Starf málefnaþinga SA heldur áfram og hafa flestir hópanna fundað nokkrum sinnum á liðnu starfsári. Þá var settur á laggirnar sérstakur samkeppnislagahópur sem vann skýrslu um samkeppnislögin. Skýrslan var gefin út í tengslum við aðalfund SA 7. maí. Greint er frá skýrslunni í 11. kafla.

Samkeppnislagahópur SA:

- Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA, formaður
- Álfheiður Sívertsen, SA,
- Árni Ármann Árnason, Skeljungu
- Ágúst Sindri Karlsson hdl.
- Ársæll Hafsteinsson, Búnaðarbanka
- Guðjón Rúnarsson, Samtökum fjármálafyrirtækja
- Gunnar Viðar, Landsbankanum
- Jón Steindór Valdimarsson, Samtökum iðnaðarins
- Már Gunnarsson, Flugleiðum
- Páll Ásgrímsson, Landssímanum

Þá var hópurinn í sambandi við fleiri lögmenn við gerð skýrslunnar.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka atvinnulífsins og Vinnudeilusjóðs fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning 31. desember 2001, sjóðstreymi, yfirlit yfir reikningsskilaaðferðir, skýringar og sundurliðanir. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Samtaka atvinnulífsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2001, efnahag þeirra 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög, samþykktir Samtaka atvinnulífsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 10. apríl 2002.

PricewaterhouseCoopers ehf.


Stefán Bergsson, sign
löggtur endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS FYRIR ÁRIÐ 2001

	2001	2000
Rekstrartekjur		
Árgjöld aðildarfélaga	152.988.451	142.344.316
Þjónustusamningar	2.222.529	2.200.348
Styrkur til hag- og tæknideildar	2.140.000	2.140.000
Félagsheimilaskjöldur	4.984.643	4.990.650
Þóknun frá Vinnudeilusjóði v. fjárvörslu	2.500.000	2.500.000
Aðrar tekjur	1.251.000	1.509.263
	<u>166.086.623</u>	<u>155.684.578</u>
Rekstrargjöld		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	112.583.334	96.800.089
Kostnaður v. funda og móta	15.124.661	11.785.967
Útbreiðslu- og félagsmál	13.051.914	11.135.741
Rekstur húsnæðis og annarra eigna	4.989.828	6.055.206
Fyrningar	514.157	1.659.849
	<u>146.263.894</u>	<u>127.436.852</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (-gjöld)	19.822.729	28.247.726
Fjármunatekjur og (-gjöld)		
Vaxtatekjur	1.126.805	2.235.986
Vextir og verðbætur	(265.066)	(96.636)
Reiknuð gjöld v. verðlagsbreytinga	(9.069.129)	(3.138.911)
	<u>(8.207.390)</u>	<u>(999.560)</u>
Rekstrarafgangur	<u>11.615.339</u>	<u>27.248.166</u>

Greidd árgjöld 2001
Flokkun eftir atvinnugreinum



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2001

EIGNIR

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Fasteign, Garðastræti 41	65.000.000	65.000.000
Fasteign, Borgartún 35	150.733.355	0
Sumarhús	5.597.004	1.966.523
Skrifstofuáhöld og búnaður	1.702.906	2.217.063
	<u>223.033.265</u>	<u>69.183.585</u>

Veltufjármunir

Vinnudeilusjóður	0	73.114.875
Viðskiptamenn	5.924.160	8.811.534
Sjóður og bankainnstæður	75.349.229	31.761.419
	<u>81.273.389</u>	<u>113.687.828</u>

Eignir samtals	<u>304.306.654</u>	<u>182.871.413</u>
-----------------------	--------------------	--------------------

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2001

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	191.900.565	171.216.097
Söguritunarsjóður	2.800.000	3.300.000
	<u>194.700.565</u>	<u>174.516.097</u>

Skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir	8.529.322	8.355.316
Ógreitt vegna Borgartúns 35	70.108.924	0
Vinnudeilusjóður	30.967.842	0
	<u>109.606.089</u>	<u>8.355.316</u>

Eigið fé og skuldir samtals	<u>304.306.654</u>	<u>182.871.413</u>
------------------------------------	--------------------	--------------------

ÁRITUN FORMANNS FRAMKVÆMDASTJÓRNAR.

Meðfylgjandi ársreikningar, Samtaka atvinnulífsins voru samþykktir á framkvæmdastjórnarfundi 10. apríl 2002.

F.h. framkvæmdastjórnar.

Finnur Geirsson, formaður sign.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri, sign.

VINNUDEILUSJÓÐUR SA

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2001

	2001	2000
Rekstrartekjur		
Árgjöld aðildarféлага	32.146.391	30.279.521
Fjármunatekjur	7.531.055	51.575.701
	<u>39.677.446</u>	<u>81.855.222</u>
Rekstrargjöld		
Greiðslur bóta v. vinnudeilna	211.292.100	53.490.026
Árgreiðsla til NEMIA	854.148	652.719
Málflutnings- og lögfræðikostnaður	1.247.414	3.636.138
Póknun til SA vegna fjárvörslu	2.500.000	2.500.000
Reiknuð gjöld v. verðlagsbreytinga	48.294.453	32.593.583
Vaxtagjöld, innheimtukostnaður o.fl.	127.026	1.949.486
	<u>264.315.142</u>	<u>94.821.952</u>
Tap ársins	<u>(224.637.695)</u>	<u>(12.966.730)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2001

EIGNIR

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Fasteignin Borgartún 35

269.608.351

0

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Eiginfjárframlag til NEMIA

12.421.900

12.421.900

Hlutabréf

779.813.615

825.844.080

Verðbréf

687.117.798

689.838.382

Næsta árs afborgun verðbréfa

(33.553.406)

(68.234.222)

1.445.799.907

1.459.870.140

Fastafjármunir samtals

1.715.408.258

1.459.870.140

Veltufjármunir

Skammtímakröfur:

Víxileign og viðskiptakröfur

22.164.522

30.767.448

Gjaldf. afborganir og vextir

15.522.966

3.218.541

Inneign hjá SA

30.947.843

0

Næsta árs afborgun verðbréfa

33.553.406

68.234.222

Bankainnstæður

23.194.140

61.342.581

125.382.876

163.562.791

Eignir samtals

1.840.791.134

1.623.432.931

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2001

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé

1.363.974.814

1.550.318.056

Skammtímaskuldir

Ógreitt vegna Borgartúns 35

81.367.200

0

Ógreiddar bætur v. vinnudeilna

128.804.204

0

Erlent lán

91.793.499

0

Skuld við Hlutdeild fasteignafélag ehf.

158.777.603

0

Ógreiddur fjármagnstekjuskattur

6.073.814

0

Ógr. framlag í Réttarverndarsjóð

10.000.000

0

Samtök atvinnulífsins

0

73.114.875

476.816.319

73.114.875

Eigið fé og skuldir samtals

1.840.791.134

1.623.432.931

Skipurit Samtaka atvinnulífsins

Helstu hlutverk skrifstofu Samtaka atvinnulífsins eru að hafa fyrir hönd samtakanna umsjón með gerð og túlkun kjarasamninga, gæta hagsmuna félagsmanna í málaflokkum sem varða atvinnulífið í heild og veita félagsmönnum þjónustu og ráðgjöf eftir þörfum. Þá hefur hún umsjón með sameiginlegri stefnumótunar- og málefnavinnu innan SA og sér um að fylgja stefnunni eftir með upplýsingamiðlun og öðrum hætti.

Helstu ábyrgðarsvið vinnumarkaðssviðs eru að stuðla að framgangi hagkvæmra lausna á vinnumarkaði sem varðveita sveigjanleika og viðhalda stjórnunarrétti fyrirtækja, stuðla að bættum samskiptum fyrirtækja og starfsmanna, koma í veg fyrir ágreining á vinnustöðum og að leysa úr ágreiningi og stuðla að vinnufriði.




Helstu ábyrgðarsvið stefnumótunar- og samskiptasviðs eru að samtökin sýni frumkvæði og hafi ævinlega skýra stefnu, að tryggja miðlun rétttra upplýsinga um stefnu og starfsemi, byggja upp og viðhalda góðri mynd SA, og að koma SA í fremstu röð við að nýta upplýsingatækni.

Helstu ábyrgðarsvið hagdeildar eru að bregðast við óskum og kröfum um verkefni af hálfu stjórnar eða annarra eininga innan SA og að færa umræðu um efnahagsmál inn á nýjar brautir þar sem þörf krefur.

Helstu ábyrgðarsvið skrifstofusviðs eru að tryggja skilvirkni í rekstri SA og að veita öðrum sviðum á skrifstofu SA almenna skrifstofuþjónustu.

Skipurit skrifstofu Samtaka atvinnulífsins



Starfsfólk SA

Engar breytingar urðu í starfsmannahaldi samtakanna á árinu. Þau tíðindi urðu hins vegar í hópi starfsfólks að Sigurður Jóhannesson hagfræðingur lauk doktorsprófi frá Kent State háskólanum í Ohio í júní 2001 og Hrafnhildur Stefánsdóttir yfirlögfræðingur SA öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti í nóvember. Þá fæddist Álfheiði M. Sívertsen sonur í marslok og verður hún í fæðingarorlofi frá aprílbyrjun til loka október 2002.



Starfsfólk Samtaka atvinnulífsins



Ari Edwald,
framkvæmdastjóri



Arndís Arnardóttir,
ritari



Álfheiður M. Sivertsen,
lögfræðingur



Ásta Steinsdóttir,
ritari



Gústaf Adólf Skúlason,
forstöðumaður stefnumót-
unar- og samskiptasviðs



Erlen Jónsdóttir,
ritari



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri



Hrafnhildur Stefánsdóttir,
yfirmögfræðingur



Jón H. Magnússon,
lögmaður



Jón Rúnar Pálsson,
lögmaður



Jóna G. Hermannsdóttir,
matráðskona



Jónína Gissurardóttir,
félagsfræðingur



Kristín Jónsdóttir,
fjármálastjóri



Kristófer M. Kristinsson,
Evrópuskrifstofu atvinnulífsins
í Brussel



Óskar Mariusson,
efnaverkfræðingur



Ragnar Arnason,
forstöðumaður
vinnumarkaðssviðs



Sigurður Jóhannesson,
hagfræðingur

Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins voru stofnuð í september 1999 sem heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda. Meginmarkmið SA er að skapa fyrirtækjum hagstæð skilyrði til að vaxa, þróast og bera arð. Samtökin kappkosta að veita félögum góða þjónustu og að vera öflugur málsvári atvinnulífsins gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

Tvívætt aðild

Fyrirtæki verður aðili að SA með því að ganga í eitthvert aðildarfélaganna og öðlast þar með tvívætta aðild. Alls eiga um 2800 fyrirtæki aðild að samtökunum.

Aðildarfélög SA eru sjö og starfa á grundvelli atvinnugreina.

Pau eru:

- Landssamband íslenskra útvegsmanna
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði
- Samtök fiskvinnslustöðva
- Samtök fjármálafyrirtækja
- Samtök iðnaðarins
- SVP-Samtök verslunar og þjónustu

Samtök atvinnulífsins

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími 511 5000
Myndsendir: 511 5050
Vefang: www.sa.is
Netfang: sa@sa.is

Evrópuskrifstofa atvinnulífsins

Rue de la Charité 17
B-1040 Brussel
Belgía
Sími 32 2 223 08 05
Myndsendir: 32 2 209 43 04
Netfang: kristofer.kristinsson@ttpt.be

